

Af marxisma

Louis Althusser. „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (rannsóknarpunktur).“ Í *Af marxisma*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, þýð. Egill Arnarson, bls. 175-228. Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

Louis Althusser

Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins (rannsóknarpunktur)¹

Um endurframleiðslu framleiðsluskilyrðanna

Við þurfum að kynna til sögunnar nokkuð sem við höfum fram að þessu í rannsókn okkar einungis séð glitta í leiftursnöggt, þegar við ræddum um hvernig framleiðslutækin þarf nauðsynlega að endurframleiða til þess að framleiðsla geti yfirhöfuð farið fram. Þetta er nokkuð sem við gátum aðeins um í framhjálaupi og skulum nú huga betur að.

Eins og Marx komst að orði er jafnvel hverju barni kunnugt að ef þjóðfélagsgerð endurframleiðir ekki framleiðsluskilyrði sín um leið og hún stundar framleiðslu, þá endist hún ekki út árið.² Úrslitaskilyrði fyrir framleiðslunni er því að framleiðsluskilyrðin séu endurframleidd. Ýmist getur sú endurframleiðsla verið „einföld“ (með því að endurframleiða aðeins fyrri framleiðsluskilyrði) eða „stækkuð“ (með því að víkka þau út). Látum þessa síðastnefndu aðgreiningu liggja milli hluta í bili.

- 1 [Þó svo að fátt teljist „fræðilegt“ við hugmyndafræði þótti rétt að þýða *idéologie* með þeim hætti, enda eru orðin *beimsmýnd* og *beimssýn* notuð um annað í textanum. Til hægðarauka er jafnan rætt um hugmyndakerfi þegar átt er við hugmyndafræði í fleirtölu. Þýð.]
- 2 Karl Marx, Bréf til Kugelmanns, 11. júlí 1868 (*Lettres sur Le Capital*, Ed. sociales, bls. 229). [„Það veit hvert barn að hver sú þjóð myndi ganga sér til húðar (þ. *verrecken*) sem legði niður störf í, ég vil ekki segja ár, heldur fáeinar vikur.“ Þýð.]

Hvað er eiginlega *endurframleiðsla framleiðsluskilyrðanna*?

Við hættum okkur nú inn á svið sem er mörgum kunnugt (síðan annað bindi *Audmagnsins* kom út) en er þó einstaklega vanmetið. Það sem virðast – frá sjónarhóli framleiðslunnar, þ.e. einfaldrar framleiðslustarfa (sem eru þó aðeins hluti af sjálfu framleiðsluferlinu) – vera augljós sannindi (empírískar staðreyndir en af hugmyndafræðilegum toga þó) er svo samvaxið hversdagslegri „vitund“ okkar að það er sérlega erfitt, ef ekki ómögulegt, að temja sér að sjá málin frá sjónarhóli *endurframleiðslunnar*. Eigi að síður birtist allt utan þessa sjónarhóls í of einangruðu ljósi (ekki aðeins í of afmarkaðri mynd heldur aflagaðri) – jafnvel það sem tilheyrir framleiðslustiginu og enn frekar stigi einfaldrar vinnu.

Reynum nú að rýna skipulega í þetta.

Til einföldunar má segja að sérhvert þjóðskipulag sé reist á tilteknum ráðandi framleiðslutækjum og að framleiðsluferlið nýti sér þau framleiðsluöfl sem eru fyrir hendi innan ákveðinna framleiðslutengsla.

Af því leiðir að sérhver þjóðfélagsgerð þarf, um leið og hún framleiðir og til þess að geta framleitt, að endurframleiða eigin framleiðsluskilyrði. Það þarf því að endurframleiða:

- 1) framleiðsluöflin,
- 2) þau framleiðslutengsl sem fyrir eru.

Endurframleiðsla framleiðslutækjanna

Núorðið viðurkenna allir (þar með taldir borgaralegir hagfræðingar sem vinna við þjóðarþóðbókhalðið eða nútíma „þjóðhagfræðingar“) – enda sýndi Marx fram á það í öðru bindi *Audmagnsins* – að engin framleiðsla getur átt sér stað nema tryggt sé að endurframleiða megi efnisleg skilyrði framleiðslunnar, þ.e. að endurframleiðsla framleiðslutækjanna sé tryggð.

Líkt og sérhverjum kapítalista er vel kunnugt veit sérhver hagfræðingur að ár hvert þarf að sjá fyrir því sem slitnar eða eyðist í framleiðslunni og að endurnýja hráefni, fasta vinnuáðstöðu (byggingar), verkfæri til framleiðslu (vélar) o.fl. Við segjum „sérhver hagfræðingur = sérhver kapítalisti“ vegna þess að báðir eru talsmenn sjónarhóls fyrirtækja og láta sér nægja að tala einfaldlega út frá hugtökum sem varða bókhaldið.

Þökk sé snilligáfu Quesnays,³ sem varð fyrstur til að benda á þetta augljósa vandamál, og snilld Marx, sem leysti það, vitum við að endurframleiðsla efnislegra framleiðsluskilyrða verður ekki hugsuð á fyrirtækjastiginu, enda er raunveruleg skilyrði hennar ekki þar að finna. Það sem fram fer á stigi fyrirtækisins er aðeins afleiðing endurframleiðslunnar og gefur einungis til kynna að hún sé nauðsynleg en gerir engan veginn kleift að hugsa skilyrði hennar og gangvirki.

Til að sannfærast um þetta atriði þarf ekki nema að hugleiða málið eitt andartak: Herra X ..., kapítalisti sem framleiðir ullarklæði í spunaverksmiðjum, þarf að „endurframleiða“ hráefni sitt, vélar sínar o.fl. Þó er það ekki hann sem framleiðir þær fyrir framleiðslu sína, heldur aðrir kapítalistar: Herra Y ... stór sauðfjárræktandi í Ástralíu, herra Z ... stór iðjuhöldur sem framleiðir smíðavélar, o.s.frv. Til þess að framleiða þessar afurðir, sem skilyrða endurframleiðslu framleiðsluskilyrðanna hjá herra X, verða þeir síðarnefndu jafnframt að endurframleiða skilyrðin fyrir eigin framleiðslu og þar fram eftir götunum í hið óendanlega. Allt gerist þetta í slíku umfangi að framboðið nær að fullnægja eftirspurn eftir framleiðslutækjunum (fyrir endurframleiðsluna) á landsmarkaði, ef ekki á heimsmarkaði.

Til þess að hugsa þetta gangvirki, sem birtist eins og einhvers konar „óendanlegur þráður“, þarf að fylgja „alhliða“ nálgun Marx og skoða einkum streymi auðmagnsins milli geira I (framleiðslu framleiðsluháttanna) og geira II (framleiðslu neysluháttanna) sem og hvernig gildisaukinn verður til í öðru og þriðja bindi *Auðmagnsins*.

Við munum ekki huga nánar að þessu atriði hér. Okkur nægir að hafa minnst á nauðsyn þess að endurframleiða hin efnislegu framleiðsluskilyrði.

Endurframleiðsla vinnuaflsins

Það hefur varla farið framhjá lesandanum að við höfum rætt um endurframleiðslu á framleiðsluháttunum – en ekki um endurframleiðslu á framleiðsluöflunum. Við höfum semsagt þagað um endurframleiðsluna á því sem greinir framleiðsluöflin frá framleiðsluháttunum, þ.e. endurframleiðslu vinnuaflsins.

Við höfum fengið allgóða hugmynd um að til staðar sé efnislegt endurframleiðsluferli með því að fylgjast með því sem gerist innan

3 [François Quesnay, 1694–1774, Frakki, upphafsmaður búauðgissstefnunnar (fýsískratsismans) í hagvísindum. Þýð.]

fyrirtækisins, einkum með því að skoða hvernig gert er ráð fyrir afborgunum og fjárfestingum í bókhaldinu. Næst liggur leið okkar inn á svið sem horfir alfarið framhá því sem gerist innan veggja fyrirtækisins, og af góðri ástæðu: endurframleiðslan á vinnuaflinu, sem fer að mestu fram utan fyrirtækisins.

Hvernig er endurframleiðsla vinnuaflsins tryggð?

Endurframleiðslan er tryggð með því að gera vinnuaflinu efnislega kleift að endurframleiða sig, þ.e. með launum. En þótt launagreiðslur séu fastur liður í bókhaldi hvers fyrirtækis birtast þær einungis sem „kostnaður vegna starfsfólks“⁴ en alls ekki sem skilyrði fyrir efnislegri endurframleiðslu vinnuaflsins.

Þó er það þannig sem launin „virka“ vegna þess að þau nema aðeins hluta verðmætisins sem skapast vegna tilkostnaðarins af vinnuaflinu sem er ómissandi í endurframleiðslu þess: ómissandi í þeim skilningi að þau viðhalda vinnuafli launamannsins (sjá honum fyrir húsaskjóli, fötum og mat, m.ö.o. því sem þarf til þess að geta mætt næsta dag – ef guð lofar – við verksmiðjuhlíðið). Jafnframt er það ómissandi fyrir uppvöxt og uppfræðslu barnanna sem öreiginn endurframleiðir sjálfan sig í (fyrir x eintök: x jafngildandi 0, 1, 2 o.s.frv.) sem vinnuafli.

Glymum heldur ekki að þessi magnbundnu verðmæti (launin), sem eru nauðsynleg fyrir endurframleiðslu vinnuaflsins, ákvarðast ekki aðeins af þörfinni fyrir „líffræðileg“ lágmarkslaun, heldur af sögulegum lágmarksþörfum (Marx benti á þetta: enskir verkamenn þurfa bjór og franskir öreigar vín), þ.e. þörfum sem eru breytilegar í sögunnar rás.

Látum þess einnig getið að þetta lágmark er sögulegt í tvennum skilningi þar eð það ákvarðast ekki af þeim sögulegu þörfum verkalyðsstéttarinnar sem stétt kapitalista hefur „viðurkennt“, heldur af þeim sögulegu kröfum sem öreigastéttin hefur með baráttu sinni krafist (tvöföld stéttabarátta: gegn lengingu vinnutíma og lækkun launa).

Endurframleiðsla vinnuaflsins verður þó ekki tryggð með því einu að bjóða vinnuaflinu þau efnislegu skilyrði sem þarf til að það

4 Marx setti fram vísindalegt hugtak yfir það: *breytilegt auðmagn*. [Sjá kafla 6.2 í fyrsta bindi *Auðmagnsins* á þýsku eða kafla 8 í algengri enskri þýðingu: Karl Marx, *Capital* Vol. I. (þýð. Ben Fowkes), London: Penguin, 1976, bls. 307–319. Þýð.]

endurframleiði sig. Eins og fram hefur komið þarf það vinnuafli sem til boða stendur að vera „hæft“, þ.e.a.s. nothæft í flóknu kerfi framleiðsluferlisins. Af þróun framleiðsluafllanna og þeirrar sögulegu einingar sem mótar þau á tilteknum tíma leiðir að vinnuaflið er fag-lært (á mismunandi hátt) og þ.a.l. endurframleitt í þeirri mynd. „Á mismunandi hátt“ merkir í samræmi við þær kröfur sem hin félagslega og tæknilega verkaskipting útheimtir, í mismunandi „stöður“ og „störf“.

En hvernig er endurframleiðsla þessarar (mismunandi) hæfni vinnuafllsins tryggð í kapítalískri þjóðfélagsgerð? Ólíkt því sem tíðk-aðist í þjóðfélögum sem byggðu á þrælhaldi eða bændaánaud hefur endurframleiðslan á hæfni vinnuafllsins ríkjandi tilhneigingu til þess að vera ekki lengur tryggð „í vinnunni“ (kennsla í framleiðslunni sjálfri), heldur í auknum mæli utan framleiðslunnar: í gegnum hið kapítalíska skólakerfi og önnur yfirvöld og stofnanir.

Hvað lærir maður nú í skólanum? Námið er mislangt en allir læra þó að lesa, skrifa, reikna – semsagt nokkrar vinnuáðferðir og ýmislegt annað, þar á meðal undirstöðuatriði (eða ítarlegri lærdóm) í „vísindum“ eða „bókmenntum“ sem geta komið að beinum notum við hin ólíku framleiðslustörf (viss uppfræðsla fyrir verkamenn, önnur fyrir tæknimenn, enn önnur fyrir verkfræðinga og enn ein fyrir æðri stjórnendur o.s.frv.). Maður lærir semsé til „verka“.

En því til viðbótar og tengt þessari verklegu og bóklegu kunnáttu lærir maður í skólanum „reglur“ í mannaíðum, þ.e.a.s. velsæmi sem hverjum og einum aðila í verkaskiptingunni ber að gæta í samræmi við þá stöðu sem „forsjónin“ hefur ætlað honum að gegna: siðgæðisreglur og þær reglur sem fylgja því að vera meðvitaður um starfsskyldur og borgaralegar skyldur sínar. Berum orðum er átt við þær reglur sem fylgja því að bera virðingu fyrir hinni félagslegu og tæknilegu vinnuskiptingu og, þegar allt kemur til alls, við reglur þjóðfélagskipanar sem byggir á stéttakúgun. Í skólanum lærir maður einnig að „tala góða frönsku“, að vera „vel ritfær“, þ.e. í raun og veru (fyrir kapítalista framtíðarinnar og þá sem þjóna þeim) að „skipa vel fyrir“, m.ö.o. (langbesta lausnin) að „tala vel“ til verka-manna o.s.frv.

Með vísindalegri hætti má orða þetta sem svo að endurframleiðslan á vinnuafllinu krefjist þess ekki aðeins að hæfni þess sé endurfram-leidd, heldur líka undirgefni þess við reglur þjóðfélagskipanarinnar,

þ.e. endurframleiðslu þess að verkamenn séu undirgefnir ríkjandi hugmyndafræði og þess að þeir sem ástunda arðrán og kúgun hafi ríkjandi hugmyndafræði á valdi sínu til þess að þeir tryggi „í mæltu máli“ yfirráð hinnar drottnandi stéttar.

Með öðrum orðum kennir skólinn (en einnig aðrar ríkisstofnanir, svo sem kirkjan, eða önnur stjórnþæki á borð við herinn) til „verka“ en þó með þeim hætti að það tryggi ýmist *auðsveipni við ríkjandi hugmyndafræði* eða að menn nái tókum á „iðkun“ hennar. Allir þátttakendur í framleiðslunni, arðráninu og kúguninni, svo ekki sé minnst á „fagmenn hugmyndafræðinnar“ (Marx), verða að vera með einu eða öðru móti „sannfærðir“ um þessa hugmyndafræði, eigi þeir að gegna skyldum sínum „samviskusamlega“ – hvort heldur þeir eru arðrændir (öreigar) eða arðræningjar (kapítalistar), aðstoðarmenn við arðránið (stjórnendur) eða æðstuprestar ríkjandi hugmyndafræði („opinberir starfsmenn“ hennar) o.s.frv.

Það kemur því á daginn að frumskilyrði þess að vinnuaflið sé endurframleitt er ekki aðeins endurframleiðsla á „hæfni“ þess, heldur einnig á undirgefnri þess við ríkjandi hugmyndafræði eða „iðkun“ hennar. Hér nægir þó ekki að segja „ekki aðeins heldur einnig“ því svo virðist sem *það sé með birtingarmyndum hugmyndafræðilegrar auðsveipni sem endurframleiðslan á hæfni vinnuafslins er tryggð*.

En með því viðurkennum við að hér sé nýr veruleiki að verki: *hugmyndafræðin*.

Að svo komnu máli er ástæða til að gera tvær athugasemdir.

Sú fyrri er til þess að benda á aðalatriðið í athugun okkar á endurframleiðslunni.

Við höfum kannað lauslega hvernig framleiðsluöflin eru endurframleidd, þ.e. annars vegar framleiðslutækin og hins vegar vinnuaflið. Við eigum þó enn eftir að leita svara við því *hvernig framleiðslutengslin eru endurframleidd*. Þó er þetta *grundvallaratriði* í kenningu marxismans um framleiðsluhættina. Að þegja um það væri fræðileg yfirsjón og – það sem verra er – alvarleg pólitísk mistök.

Við ætlum því að ræða um þetta atriði en til þess verðum við fyrst að leggja langa lykku á leið okkar.

Seinni athugasemdin er sú, að til þess að leggja umrædda lykku á leið okkar þurfum við að varpa aftur fram spurningunni: Hvað er þjóðfélag?

Undirbygging og yfirbygging

Ég hef áður⁵ fjallað ítarlega um þá hugmynd marxismans að „þjóðfélagslegt heildarmengi“ myndi byltingarkennt uppgjör við hina hegelísku „heild“. Við sögðum (og ítrekuðum þannig frægar kenningar innan sögulegrar efnishyggu) að Marx liti svo á að formgerð hvers samfélags skiptist í mismunandi „þrep“ eða „dómsstig“ sem hefðu hvert um sig sérstakt ákvörðunarvald: *undirbygginguna* eða efnahagslegan grunn („eining“ framleiðsluafllanna og framleiðslutengslanna) og *yfirbygginguna* sem hefði sjálf tvö „þrep“ eða „dómsstig“: hið laga- og stjórnmalalega (rétturinn og ríkið) og hugmyndafræðina (mismunandi hugmyndakerfi: trúarleg, siðferðisleg, réttarfarsleg, stjórnmalaleg o.fl.).

Burtséð frá fræðilegu og upplýsandi gildi þessarar hugmyndar (til þess að sjá muninn á Marx og Hegel) þá hefur hún umfram allt þann fræðilega kost að staðsetja í fræðilegum búnaði þessara undirstöðuhugtaka það sem við höfum kallað *vísi fyrir ákveðna virkni* eða virknivísi. Hvað er átt við með því?

Þessi mynd sem dregin er upp af formgerð hvers samfélags sem byggingu með grunni (undirbyggingu) og tveggja „hæða“ yfirbyggingu er augljóslega myndlíking eða rýmislíking: myndlíking fyrir staðfræði (tóptík⁶). Eins og aðrar myndlíkingar gefur hún eitthvað til kynna, teiknar það upp. En hvað? Jú, einmitt það að efri hæðirnar „fengju ekki staðist“ (héngju í lausu lofti) nema þær hvíldu einmitt á þessum grunni.

Með því að líkja þjóðfélagi við byggingu er ætlunin umfram allt að sýna fram á það „úrskurðarvald“ sem efnahagsgrunnurinn hefur. Rýmislíkingin verður til þess að ljá grunninum virknivísi sem við könnumst við með öðru orðalagi: úrskurðarvald þess sem gerist í efnahagsgrunninum yfir því sem gerist á „hæðum“ yfirbyggingarinnar.

Út frá þessum virknivísi „úrskurðarvaldsins“ hljóta „hæðir“ yfir-

5 Í *Pour Marx (Fyrir Marx)* og *Lire Le Capital (Að lesa Auðmagnid)*. [París:] Maspero, 1965.

6 *Tóptík*, leitt af gríska orðinu *tópos*: staður. *Tóptík* gefur til kynna, innan ákveðins rýmis, mismunandi staði sem ná yfir tiltekinn veruleika eða annan: þannig er efnahagslífið *fyrir neðan* (grunnurinn) en yfirbyggingin *fyrir ofan*.

byggingarinnar vitaskuld mismunandi virknivísa. En hvers eðlis eru þessir vísar?

Það má orða það svo að hæðir yfirbyggingarinnar hafi ekki úrskurðarvald, heldur ákvarðist þær af því hvernig grunnurinn virkar. Hafi þær eitthvert ákvörðunarvald til að bera (sem hefur enn ekki verið tilgreint) búi þær yfir því að því leyti sem þær ákvarðast af grunninum.

Innan marxískrar hefðar eru virknivísar þeirra (eða ákvörðunarvísar), sem ákvarðast af úrskurðarvaldi grunnins, *hugsaðir* á tvo vegu. Ýmist er yfirbyggingin 1) „tiltölulega sjálfstæð“ gagnvart grunninum eða 2) hún hefur „gagnvirk áhrif“ á grunninn.

Það má því segja að höfuðávinningurinn af hinni marxísku staðfræði, þ.e. af byggingarlíkingunni (grunnur og yfirbygging), sé í senn að sýna að spurningar um ákvörðun (eða virknivísi) hafa grundvallarþýðingu, að grunnurinn hafi úrskurðarvald yfir byggingunni allri. Það krefst þess þ.a.l. að hin fræðilega spurning um „afleidda“ virknitegund sem einkennir yfirbygginguna sé sett fram, þ.e. að menn velti því fyrir sér hvaða skilning marxísk hefð leggi í eftirfarandi hugtakapar: tiltölulegt sjálfstæði yfirbyggingarinnar og gagnvirk áhrif yfirbyggingarinnar á grunninn.

Helsti ókosturinn við þessa byggingarlíkingu um þjóðfélagið er augljóslega að hún er myndræn, þ.e.a.s. hún er einungis *lýsing*.

Af þeim sökum virðist okkur bæði æskilegt en einnig kleift að setja hlutina fram með öðrum hætti. Rétt er að taka fram að við höfnum engan veginn þessari klassísku myndlíkingu, þar eð hún krefur okkur sjálf um að við förum fram úr henni. Við förum heldur ekki fram úr henni til þess að afskrifa hana sem úrelta. Okkur er einungis í mun að reyna að brjóta það til mergjar sem myndlíkingin tjáir aðeins með óljósum hætti.

Við erum þeirrar skoðunar að það sé *frá sjónarhóli endurframleiðslunnar* sem bæði megi og verði að hugsa það sem einkennir kjarna yfirbyggingarinnar og eðli hennar. Þegar sjónarhorn endurframleiðslunnar hefur verið innleitt verða margar þeirra spurninga skýrari sem rýmislíking byggingarinnar gaf aðeins vísbendingar um að þyrfti að setja fram en svaraði ekki með viðeigandi hugtökum.

Grundvallarkenning okkar er sú að ekki sé hægt að spyrja þessara spurninga (og þ.a.l. að svara þeim) *nema frá sjónarhóli endurframleiðslunnar*.

Við munum nú stuttlega greina réttinn, ríkið og hugmyndafræðina út frá þessum sjónarhóli og ætlum að bregða í senn ljós á það sem gerist frá sjónarhóli iðjunnar⁷ og framleiðslunnar annars vegar og endurframleiðslunnar hins vegar.

Ríkið

Hin marxíska hefð er afdráttarlaus: Strax í *Kommúnistaávarpinu* og *Átjándra Brumaire* (og í öllum sígildum textum sem á eftir fylgja, þó umfram allt í riti Marx um Parísarkommúnuna og í *Ríki og byltingu* eftir Lenín) er með skýrum hætti fjallað um ríkið sem kúgunartæki.⁸ Ríkið er kúgandi „vél“ sem gerir hinum drottandi stéttum (á 19. öld eru það borgarastéttin og „stétt“ stórra jarðeigenda) kleift að treysta yfirráð sín yfir verkamannastéttinni til þess að hún gangist undir ferli sem þvingar hana til að láta gildisaukann af hendi (þ.e.a.s. kápítalískt arðrán).

Ríkið felst þá umfram allt í því sem sígildir höfundar marxismans hafa nefnt *stjórnþæki ríkisins*. Það hugtak nær ekki aðeins yfir það (í þröngum skilningi) sérhæfða stjórnþæki sem við höfum viðurkennt að sé og þurfi að vera til ef mæta eigi kröfum réttarfarsíðjunnar, nánar tiltekið lögreglunnar-dómstólanna-fangelsanna, heldur kemur einnig til kasta hersins sem viðbótarkúgunararfs í neyð þegar lögreglan og sérhæft varalið hennar „ræður ekki lengur við ástandið“

- 7 [Hér er reynt að þýða hugtakið *pratique* sem *iðu* þótt einnig komi til greina að þýða það sem verkferil, vinnu, iðkun, starf eða verkvenju en í hugtakinu felst úrvinnsla manna á tilteknu hráefni með ákveðnum framleiðslutækjum. Hverja þjóðfélagssgerð má greina í aðskildar iðjur: efnahagslega, stjórnmála-lega og hugmyndafræðilega iðu en vísindalega (eða fræðilega) iðjan leitast auk þess við að vinna fræðikenningar úr hugmyndafræðilegri vitneskju. Fræðastörf eru því eins og hver önnur iðja en mynda ekki andstæðu við hana líkt segja má að *teoría* geri gagnvart *praxi*. (Sjá Louis Althusser, *Lire Le Capital*, París: Maspero, 1965, bls. 63–67.) Þýð.]
- 8 [Karl Marx, *Kommúnistaávarpið*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2008, bls. 176; „Átjándi Brumaire Lúðvíks Bonaparte“ (þýð. Sigfús Daðason), *Úrvalorít II*, Reykjavík: Heimskringla 1968, bls. 115–203; „Borgarastríðið í Frakklandi“ (þýð. Franz A. Gíslason), sama rit, bls. 221–293; Vladímír Íljítsj Lenín: *Ríki og bylting. Kenning marxismans um ríkið og blutverk verkalýðsins í byltingunni*, Reykjavík: Heimskringla, 1938, bls. 8–30. Þýð.]

(Öreigalýðurinn varð að greiða með blóði sínu til þess að komast að því); yfir þessu öllu er svo þjóðhöfðinginn, ríkisstjórnin og stjórn-sýslan.

Sett fram í þessum búningi snertir hin marx-leníníska „kenning“ um ríkið kjarna málsins og ekki kemur undir neinum kringumstæðum til greina að líta framhá því að hér er á ferðinni algjört grundvallaratriði. Í stjórnþæki ríkisins, sem skilgreinir ríkið sem kúgunar-afl „í þjónustu drottandi stétta“ í stéttarbaráttu borgarastéttarinnar og bandamanna hennar gegn öreigastéttinni, er ríkið fólgið og það skilgreinir svo sannarlega hlutverk þess.

Úr lýsandi kenningu til breinnar kenningar

Þessi framsetning á eðli ríkisins verður hér þó enn að teljast vera að hluta til lýsandi, eins og við bentum á að myndlíkingin um bygginguna (undirbygging og yfirbygging) væri.

Þar sem við eigum oft eftir að nota þetta lýsingarorð (lýsandi) er nauðsynlegt að skýra það aðeins út til þess að taka af öll tvímæli.

Þegar við ræðum um byggingarlíkinguna eða um hina marxísku „kenningu“ um ríkið og segjum að þar sé um að ræða lýsandi hugmyndir um viðfang þeirra, þá gefum við enga gagnrýni til kynna með því. Þvert á móti höfum við fullt tilefni til þess að telja að stórar vísindauppgötvanir komist ekki hjá því að ganga í gegnum áfanga þess sem við munum nefna *lýsandi „kenningu“*. Um er að ræða fyrsta þrepíð í sérhverri kenningu, a.m.k. á því sviði sem við fáumst við (þ.e. vísindin um mismunandi þjóðfélagsgerðir). Líta mætti – og að okkar mati ætti að líta – á þennan áfanga sem bráðabirgðastöðu sem er nauðsynleg til þess að þróa kenninguna áfram. Við komum því til skila að hún sé aðeins til bráðabirgða með því að gefa henni þetta heiti, „lýsandi kenning“, því tengingin milli þessara orða sem við notum jafngildir nokkurs konar „mótsögn“. Kenningarhugtakið á jú að einhverju leyti illa við lýsingarorðið „lýsandi“ sem fest er við það. Þetta þýðir einmitt 1) að „lýsandi kenning“ er án nokkurs vafa óafturkallanlegt upphaf kenningarinnar en 2) að þetta „lýsandi“ form sem kenningin birtist í krefst þess, vegna þessarar „mótsagnar“, að kenningin þróist og sprengi utan af sér form „lýsingarinnar“.

Skýrum þetta betur út með því að huga aftur að viðfangsefni okkar: ríkinu.

Þegar við höldum því fram að hin marxíska „kenning“ um ríkið

sem við búum yfir sé enn að hluta til „lýsandi“ þýðir það fyrst og fremst að þessi lýsandi „kenning“ sé án nokkurs vafa sjálft upphaf marxískrar ríkiskenningar og að með þessu upphafi sé okkur aðalatriðið gefið, þ.e. sá grunnur sem máli skiptir fyrir alla frekari þróun kenningarinnar.

Og vissulega munum við halda því fram að hin lýsandi ríkiskenning sé rétt enda hægt að fá skilgreiningu hennar á viðfangi sínu til þess að samsvara fullkomlega yfirgnæfandi meirihluta sýnilegra atburða á því sviði sem hún varðar. Þannig bregður skilgreiningin á ríkinu sem stéttarríki, sem er til staðar sem kúgunartæki ríkisins, skyndilegri birtu á alla sýnilega atburði við mismunandi kúgunartegundir, hvert svo sem svið þeirra er: allt frá fjöldamorðunum í júní '48 og Parísarkommúnunni, frá hinum blóðuga sunnudegi í maí 1905 í Petrógrad, andspyrnunni, Charonne o.fl. og til einfaldrar (og tiltölulega lítilvægrar) „ritskoðunar“ sem bannar *Nunnuna* eftir Diderot eða stykki eftir Gatti um Franco;⁹ hún skýrir öll bein og óbein form arðráns og útrýmingar á alþýðuhreyfingum (heimsvaldastríðin); hún útskýrir þessi faguðu hversdagslegu yfirráð, t.d. í ýmsum gerðum lýðræðis, þar sem fram kemur það sem Lenín kallaði, eftir Marx, alræði borgarastéttarinnar.

Eigi að síður er hin lýsandi ríkiskenning ákveðið þrep í því að smíða kenningu og krefst það þess að „tekið sé næsta skref“. Því er ljóst að þótt umrædd skilgreining geri okkur kleift að bera kennsl á og þekkja kúgunarverknaði með því að tengja þá við ríkið, í skilningi kúgunartækis ríkisins, þá er sú „tenging“ alveg augljós staðreynd af ákveðnum toga sem við munum geta vikið síðar máli að: „já, það

9 [Í *júnílok 1848* var hernum sigað gegn félagshreyfingu lægri stétta í París (*Ateliers Nationaux*): 5000 manns drepin. *Parísarkommúnan*: Sjálfstjórn alþýðustétta í París frá mars til maí 1871, barin niður í maílok: 20.000–35.000 manns drepin. *Blóðugi sunnudegurinn* var raunar 9. (22. skv. núgildandi dagatali) *janúar* 1905 þegar friðsamleg mótmæli voru brotin á bak aftur í *Sankti Pétursborg*: tölur um mannfall á reiki. *Andspyrna* Frakka gegn þýska hernáminu og leppstjórn Pétains marskálks 1940–44. *Charonne*: Neðanjarðarlestarstöð í París þar sem friðsamir mótmælendur Alsírstríðsins leituðu skjóls undan lögreglunni 8. febrúar 1962: 9 krömdust þar til bana. Árið 1965 var bannað að sýna og dreifa kvikmyndinni *Nunnan* sem Jacques Rivette gerði eftir sögu Denis Diderot frá 18. öld. Uppfærsla á leikriti Armands Gatti, *Þálsarsaga Francos bershöfðingja*, var bönnuð í árslok 1968. (Um Charonne og *Nunnuna*, sjá Einar Már Jónsson, *Maí 68 – fráögn*, Reykjavík: Ormstunga, 2008, bls. 127 og 132.) Þýð.]

er einmitt þannig, þetta er alveg satt! ...“¹⁰. Að safna atvikum út frá skilgreiningunni á ríkinu til þess eins að eiga nóg af skýringardæmum kemur í raun ekki að miklu gagni við að þróa áfram skilgreininguna á ríkinu, þ.e.a.s. vísindakenninguna um það. Þannig á sérhver lýsandi kenning á hættu að „tefja fyrir“ áframhaldandi þróun kenningarinnar, eins ómissandi og hún er.

Af þeim sökum teljum við að ekki verði hjá því komist að *bæta einhverju við* hina klassísku skilgreiningu á ríkinu sem stjórnþæki ríkisins til þess að þróa þessa lýsandi kenningu í átt að hreinni kenningu, þ.e.a.s. til þess að skilja betur gangvirki ríkisins og starfsemi þess.

Aðalatriðið í ríkiskenningu marxísmans

Útskýrum fyrst mikilvægt atriði: *Án ríkisvalds* er ríkið (og tilvist þess í formi stjórnþækis síns) tilgangslaust. Í allri pólitískri stéttabaráttu er tekist á um ríkið, þ.e.a.s. um að tiltekin stétt eða bandalag stétta eða stéttabrota sé handhafi ríkisvaldsins, þ.e. náí því og haldi. Þetta grundvallaratriði krefst þess þ.a.l. að við gerum greinarmun annars vegar á ríkisvaldi (því að halda eða ná völdum yfir ríkinu), sem er markmið stjórn málaalegrar stéttabaráttu, og stjórnþæki ríkisins hins vegar.

Við vitum að stjórnþæki ríkisins getur haldið áfram að vera til staðar, eins og sannast á „byltingum“ borgarastéttarinnar á 19. öld í Frakklandi (1830, 1848) eða valdaránnum (2. desember, maí 1958), hruni ríkisins (falli keisaradæmisins 1870, falli 3. lýðveldisins 1940) eða stjórn málaalegum uppgangi smáborgarastéttarinnar (1890–95) o.fl.¹¹ – allt þetta gerðist án þess að stjórnþæki ríkisins svignaði eða tæki breytingum: það getur verið áfram til staðar á meðan stjórn málaatburðir hafa áhrif á hver teljist vera handhafi ríkisvaldsins.

10 Sjá kaflann „Varðandi hugmyndafræðina“.

11 [Hér er átt við júlíbyltinguna 1850 og febrúarbyltinguna 1848. 2. desember 1851 rændi Lúðvík-Napoleon Bonaparte völdum, batt þar með enda á annað lýðveldið og stofnaði seinna keisaradæmið 2. desember ári síðar sem Napoleon III. Í maí 1958 fékk de Gaulle helstu völd yfir Frakklandi í miðju Alsírstríði, batt enda á fjórða lýðveldið og stofnaði hið fimmta. Árið 1870 hrundi annað keisaradæmið og árið 1940 þriðja lýðveldið, hvort tveggja eftir hernaðarlegan ósigur fyrir Þjóðverjum. Árin 1890–95: Sennilega átt við aukið vægi flokks „hófsamra hægrimanna“ á franska þinginu á kostnað flokks „klassískra hægrimanna“. Þýð.]

Jafnvel að aflokinni þjóðfélagsbyltingu á borð við þá sem varð 1917 var stjórnþæki ríkisins að miklu leyti áfram á sínum stað eftir að bandalag öreiga og fátækra bænda hafði náð völdum yfir ríkinu: Lenín þreyttist ekki á að minna á það.

Segja má að þessi aðgreining á ríkisvaldi og stjórnþæki ríkisins sé hluti af „kenningu marxismans“ um ríkið og það með augljósum hætti síðan Marx samdi *Átjándi Brumaire* og *Stéttabaráttuna í Frakklandi*.

Ef við tökum nú saman „ríkiskenningu marxismans“ getum við sagt að sígildir höfundar marxismans hafi ávallt haldið því fram að 1) ríkið sé ekkert annað en ríkiskúgunartæki, 2) greina þurfi á milli ríkisvalds og stjórnþækis ríkisins, 3) takmark stéttabaráttunnar sé að ná valdi yfir ríkinu og þ.a.l. að þær stéttir (eða stéttabandalög eða stéttabrot) sem eru handhafar ríkisins nýti sér stjórnþæki ríkisins til þess að ná fram stéttarmarkmiðum sínum og 4) að öreigastéttin eigi að hrifsa ríkisvaldið til sín til þess að eyða því stjórnþæki ríkisins sem fyrir er og þjónar borgarastéttinni, skipta því til að byrja með út fyrir allt annað ríkisstjórnþæki sem þjónar öreigastéttinni en hrinda á seinni stigum í framkvæmd róttæku ferli, þ.e. að eyða ríkinu (endalok ríkisvaldsins og sérhvers stjórnþækis ríkisins).

Frá þessum sjónarhóli stendur það sem við leggjum til að verði bætt við um ríkið nú þegar fullum stöfum í „kenningu marxismans“ um ríkið. Þó virðist okkur sem þessi kenning sé ennþá að hluta til lýsandi á þessu stigi, enda þótt hún búi nú orðið yfir flóknari og breytilegri þáttum. Hvernig þeir virka og spila saman verður aftur á móti ekki skilið nema farið sé enn dýpra í kenninguna.

Hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins

Það þarf því að bæta einhverju öðru við „kenningu marxismans“ um ríkið.

Hér verðum við að fara með gát um slóðir sem sígildir höfundar marxismans hafa vissulega fetað löngu á undan okkur án þess þó að hafa bundið þá ávinninga, sem reynsla þeirra og aðgerðir fólu í sér, í fræðilegt kerfi. Reynsla þeirra og aðgerðir voru raunar umfram allt á sviði stjórnmálaláðkunar.

Sígildir höfundar marxismans litu í raun, þ.e.a.s. í stjórnmálaláðkun sinni, á ríkið sem flóknari veruleika en skilgreining „ríkiskenningar marxismans“ segir til um, jafnvel þótt hún sé endurbætt eins

og við vorum að gera. Í starfi sínu áttuðu þeir sig á því hversu flókið það er en komu því ekki til skila í samsvarandi kenningu.¹²

Við viljum nú reyna að lýsa í mjög grófum dráttum þessari kenningu. Í því skyni setjum við fram eftirfarandi kenningu.

Til þess að þróa áfram kenninguna um ríkið verður ekki hjá því komist að gera ekki aðeins greinarmun á *ríkisvaldi* og *ríkisstjórnþæki*, heldur einnig að gera grein fyrir öðrum veruleika sem stendur bersýnilega nær (kúgandi) stjórnþæki ríkisins án þess þó að renna saman við það. Við munum nefna þennan veruleika eftir hugtaki sínu: *hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins*.

Hvað eru hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (HSR)?

Þeim má ekki rugla saman við (kúgandi) stjórnþæki ríkisins. Munum að skv. marxískri kenningu felur stjórnþæki ríkisins (SR) í sér ríkisstjórnina, stjórnþýsluna, herinn, lögregluna, dómstóla, fangelsi o.fl. og saman mynda þau það sem við munum hér eftir nefna kúgunartæki ríkisins. Með þeirri nafngift viljum við leggja áherslu á að ríkisstjórnþækið sem um ræðir „gengur fyrir ofbeldi“ – a.m.k. ef þess þarf (þar eð kúgun er ekki endilega líkamleg, heldur er henni t.d. beitt í gegnum stjórnþýsluna).

Með hugmyndafræðilegum stjórnþækjum ríkisins er átt við ákveðnar tegundir af veruleika sem birtast millilíðalaust sem

12 Eftir því sem við komumst næst er Gramsci einn um að hafa haldið út á þá braut sem við fetum hér. Hann fékk þá „einstöku“ hugmynd að ríkið væri ekki aðeins (kúgandi) stjórnkerfi ríkisins heldur fæli það í sér, eins og hann komst að orði, vissan hóp stofnana „borgaralegs samfélags“: kirkjuna, skólana, stéttarfélagin o.s.frv. Því miður lét Gramsci ógert að kerfisbinda hugmyndir sínar sem eru aðeins til í formi skarpra en brotakenndra minnisþunkta. (Sjá Gramsci, *Œuvres choisies*. Ed. Sociales, bls. 290, 291 (note 3), 293, 295, 436. Sjá *Lettres de la Prison*, Ed. Sociales, bls. 313.) [Fyrir utan „kerfisbindingu“ sína áleit Althusser (með réttu eða röngu) kenningu sína um HSR hafa þann kost fram yfir hugmyndir Gramscis um *forráð* (hegemóníu) að hún hafnaði „borgaralegri“ skiptingu í ríkið annars vegar og hið borgaralega samfélag hins vegar, enda næði ríkið sem stéttakúgunartæki bæði yfir svið hins opinbera og hins einkarekna, einkum í gegnum HSR. Enda þótt einhverjar menningarstofnanir væru ekki runnar undan rifjum ríkisins ætti það auðvelt með að nýta sér þær í þágu drottandi stéttar og á því sviði færi þá fram stéttabarátta milli ráðandi og undirokaðrar hugmyndafræði. Enn fremur yfirsæist Gramsci sú staðreynd að forráð „ganga fyrir“ hugmyndafræði. (Sjá Louis Althusser: „Le marxisme comme théorie «finie»“, *Solitude de Machiavel et autres textes*, París: PUF, 1998, bls. 287–288.) Þýð.]

aðgreindar og sérhæfðar stofnanir. Við birtum hér lista út frá reynslu sem krefst þess vitaskuld að farið verði í saumana á honum, hann sannreynður, leiðréttur og endurskoðaður. En með öllum þeim fyrirvörum sem þessi krafa felur í sér getum við í bili litið á eftirfarandi stofnanir sem hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (röð þeirra hefur hér enga sérstaka þýðingu):

- hið trúarlega HSR (kerfi mismunandi kirkna),
- skólinn sem HSR (kerfi mismunandi „skóla“, ríkisrekinna sem einkarekinna),
- fjölskyldan sem HSR,¹³
- hið réttarfarslega HSR,¹⁴
- hið stjórnmalalega HSR (stjórnmalakerfið, þ. á m. hinir ólíku flokkar),¹⁵
- stéttarfélögin sem HSR,
- fjölmiðlar sem HSR (blöðin, ljósvakamiðlar o.fl.),
- hið menningarlega HSR (bókmenntir, listir, íþróttir o.fl.).

Nú höldum við því fram að HSR renni ekki saman við (kúgandi) stjórnþæki ríkisins. Í hverju er munurinn fólgin?

Til að byrja með má á það benda að á meðan aðeins eitt (kúgandi) stjórnþæki ríkisins er til staðar, þá er til *fjöldi* hugmyndafræðilegra ríkisstjórnþækja. Að því gefnu að hún sé til staðar þá liggur sú eining sem gerir hin ólíku HSR að einni heild ekki strax í augum uppi.

Í annan stað má veita því athygli að enda þótt (kúgandi) stjórnþæki ríkisins heyri sameinað undir svið hins *opinbera* þá fellur meginþorri hugmyndafræðilegra stjórnþækja ríkisins (eins tvístruð og þau virðast vera) hins vegar undir svið *einkareksturs*. Kirkjurnar, flokkarnir, stéttarfélögin, fjölskyldurnar, sumir skólar, flest dagblöð, menningarstofnanir o.fl. – þetta er í einkarekstri.

Þíðum ögn með að fjalla um fyrri athugasemdina. Við hljótum

- 13 Fjölskyldan gegnir augljóslega öðrum „hlutverkum“ en því að vera HSR. Þannig endurframleiðir hún vinnuaflið. Hún er framleiðslueining og (eða) neyslueining, allt eftir framleiðsluháttunum.
- 14 „Rétturinn“ tilheyrir bæði (kúgandi) stjórnþæki ríkisins og kerfi HSR.
- 15 [Með því átti Althusser ekki við að sérhver stjórnmalaflokkur myndaði sjálfstætt HSR heldur einfaldlega við fjölflokka lýðræðislega þingræðishefð sem væri það hugmyndafræðilega stjórnþæki sem borgarastéttin treysti helst til þess að tryggja hagsmuni sína – en þó alls ekki alltaf. („Note sur les AIE“, *Sur la reproduction*, Paris: PUF, 1995, bls. 256–261.) Þýð.]

hins vegar að staðnæmast við þá síðari og spyrja okkur með hvaða rétti við getum litið á stofnanir, sem flestar eru ekki opinberar heldur *einkareknar*, sem hugmyndafræðileg stjórnþæki *ríkisins*. Sem meðvitaður marxisti hafði Gramsci þegar séð þessa aðfinnslu fyrir. Greinarmunurinn á hinu opinbera og hinu einkarekna er aðgreining innan borgaralegs réttar sem gildir á þeim (undirokuðu) sviðum þar sem borgaralegur réttur beitir „valdi“ sínu. Svið ríkisins fellur ekki undir þann rétt vegna þess að það er „handan réttarins“: ríkið, sem ríki *þeirrar* stéttar sem ræður, er hvorki í almanna- né einkaeign heldur þvert á móti forsenda hvers kyns greinarmunar á hinu opinbera og hinu einkalega. Beitum nú sömu formúlu á hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins. Það skiptir ekki meginmáli hvort stofnanirnar sem gera þau að veruleika séu „opinberar“ eða „einkareknar“. Það sem máli skiptir er hvernig þær virka. Einkareknar stofnanir geta fyllilega „virkað“ sem hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins. Til þess að sýna fram á það þyrfti aðeins að greina sæmilega ítarlega eitthvert eitt HSR.

En komum okkur að kjarna málsins. Það sem greinir HSR frá (kúgandi) stjórnþæki ríkisins er eftirfarandi grundvallarmunur á þeim: kúgunartæki ríkisins „gengur fyrir ofbeldi“ en hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins *ganga* „fyrir hugmyndafræði“.

Við getum skýrt þessa aðgreiningu nánar með því að lagfæra hana ögn. Við teljum nefnilega að sérhvert stjórnþæki ríkisins, hvort heldur það er kúgandi eða hugmyndafræðilegt, „gangi“ í senn fyrir ofbeldi og hugmyndafræði, með einkar mikilvægum greinarmuni þó sem varnar því að hugmyndafræðilegum stjórnþækjum ríkisins sé ruglað saman við (kúgandi) stjórnþæki ríkisins.

Munurinn er sá að fyrir sitt leyti gengur (kúgandi) stjórnþæki ríkisins með mjög ríkjandi hætti *fyrir kúgun* (þ.m.t. líkamlegri) en eigi að síður einnig með víkjandi hætti fyrir hugmyndafræði. (Hreint kúgunartæki er ekki til.) Þannig ganga herinn og lög-reglan einnig fyrir hugmyndafræði, bæði til þess að tryggja eigin samheldni og endurframleiðslu en einnig með „gildunum“ sem þau sýna út á við.

Á sama hátt, en gagnstæðan þó, ber að líta svo á að fyrir sitt leyti gangi hugmyndafræðileg ríkisstjórnþæki með afar ríkjandi hætti *fyrir hugmyndafræði* enda þótt þau gangi líka með víkjandi hætti fyrir kúgun, þótt ekki væri nema í jaðartilvikum og aðeins í jaðartilvik-

um, með mjög mildum, dulbúnum eða táknrænum hætti. (Hreint hugmyndafræðilegt stjórnþæki er ekki til.) Þannig „aga“ skólinn og kirkjan, með viðeigandi aðferðum við refsingar, útilokun og úrval o.fl., ekki aðeins presta sína, heldur einnig sóknarbörn. Eins með fjölskylduna ... Eins með hið menningarlega HSR (ritskoðunin, svo ekki sé minnst á fleira) o.s.frv.

Þarf að taka fram að með því að tiltaka hvernig stjórnþæki „ganga“ á tvöfaldan hátt (með ríkjandi og víkjandi hætti) fyrir kúgun og hugmyndafræði, hvort heldur um er að ræða (kúgandi) stjórnþæki ríkisins eða hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins, er hægt að skilja hvernig milli leiks (kúgandi) stjórnþækis ríkisins og leiks hugmyndafræðilegra stjórnþækja ríkisins spinnast stöðugt hárfín tengsl sem eru ýmist augljós eða þöglul? Í hversdagslífinu höfum við ótal dæmi um það sem þyrfti engu að síður að rannsaka gaumgæfilega til þess að komast fram úr þessari einföldu athugun.

Þessi athugasemd gerir okkur auðveldara að skilja hvað sameinar augljóslega sundurleita hjörð HSR sem eina heild. Ef HSR „ganga“ á mjög ríkjandi hátt fyrir hugmyndafræði, þá er það einmitt það hvernig þau virka sem sameinar þau í margbreytileika þeirra, svo fremi sem hugmyndafræðin sem þau ganga fyrir er ávallt í raun sameinuð, þrátt fyrir fjölbreytni hennar og mótsagnir, *undir hinni ríkjandi hugmyndafræði* sem tilheyrir „hinni drottandi stétt“. Ef við erum tilbúin að fallast á að í grundvallaratriðum sé hin „drottandi stétt“ handhafi ríkisvaldsins (með opinskáum hætti eða, eins og algengara er, í gegnum stéttabandalög eða stéttabrot) og hafi því yfir (kúgandi) ríkisstjórnþækinu að ráða, þá ættum við einnig að geta fallist á að sama drottandi stétt sé að verki í hugmyndafræðilegum stjórnþækjum ríkisins að því leyti sem það er, þegar allt kemur til alls, í gegnum þessar sömu mótsagnir sem ríkjandi hugmyndafræði er raungerð í hugmyndafræðilegum stjórnþækjum ríkisins. Hyggja þyrfti betur að þessum greinarmuni – en hann fær þó ekki dulið djúpa einingu milli þeirra. Að því er við best vitum *getur engin stétt haldið varanlegum völdum án þess að beita á sama tíma yfirráðum sínum yfir og í gegnum hugmyndafræðilegu ríkisstjórnþækin*. Ég nefni hér aðeins eitt dæmi og sönnun þess: stöðugar áhyggjur Leníns af því að geta ekki bylt skólanum (meðal annarra) sem hugmyndafræðilegu ríkisstjórnþæki til þess að gera sovéskum öreigalyð, sem hafði náð til sín ríkisvaldinu, einfaldlega

kleift að tryggja framtíð alræðis öreiganna¹⁶ og umskiptin yfir í sósíalismann¹⁷.

Þessi síðasta athugasemd gerir okkur kleift að skilja að hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins eru ekki aðeins það sem er í húfi í stéttabaráttunni heldur einnig vettvangur hennar, þar sem harðskeytt átök geta átt sér stað. Stéttin (eða stéttabandalagið) sem er við völd ræður ekki eins auðveldlega yfir HSR og yfir (kúgandi) stjórnþæki ríkisins. Ekki aðeins vegna þess að þær stéttir sem áður drottnuðu geta lengi haldið þar sterkri stöðu, heldur einnig vegna þess að hinar arðrændu stéttir geta fundið þar tækifæri og aðferðir til þess að spyrna við fótum, hvort heldur þær nýta sér þær mótsagnir sem fyrir eru ellegar berjast fyrir að ná vígstöðum.¹⁸

- 16 [Á áttunda áratugnum beitti Althusser sér árangurslaust gegn því að franskir Kommúnistaflokkurinn, sem hann var virkur félagi í, losaði sig við „alræði öreiganna“ úr stefnuskrá sinni. Um væri að ræða fræðilegt hugtak sem lýsti valkosti sem menn stæðu óhjákvæmilega frammi fyrir að stjórnarbyltingu lokinni. Ekki væri um að ræða ógnarstjórn til að halda völdum, heldur yfirráð öreigastéttarinnar á öllum sviðum stéttabaráttunnar (sem færð eru rök fyrir í þessari grein) og sem taka þá fyrst á sig yfirbragð ofbeldis ef fyrri valdastéttir ógna samfélagsbreytingunum sem unnið er að. („Marx dans ses limites“, *Écrits philosophiques et politiques. Tome I*, Paris: STOCK, 1994, bls. 454–464.) Þýð.]
- 17 Í átakanlegum texta frá 1937 rekur Krúpskaja sögu örvæntingarfullra tilrauna Leníns og það sem hún leit á sem ósigur hans („*Le chemin parcouru*“).
- 18 Það sem hér er sett fram í fáeinum orðum um stéttabaráttuna innan HSR er vitaskuld langt frá því að vera tæmandi greining á stéttabaráttunni. Til þess að nálgast þá spurningu þarf að hafa tvö grunnatriði í huga.

Fyrra grunnatriðið setti Marx fram í formála sínum að *Drögum að gagnrýni á pólitískri hagfræði* (*Zur Kritik der politischen Ökonomie*): „Þegar slíkar kollsteypur [þ.e. þjóðfélagsbyltingar] eru skoðaðar verður ávallt að greina milli efnislegrar umbyltingar – sem meta má með ströngum vísindalegum hætti – frá efnahagslegum framleiðsluskilyrðum og þeim réttarfarslegu, stjórnmalalegu, trúarlegu, listrænu eða heimspekilegu birtingarmyndum þess hvernig menn verða meðvitaðir um þessi átök og leiða þau til lykta.“ Stéttabaráttan kemur sem sagt fram og fer fram í hugmyndafræðilegum birtingarmyndum og því einnig í hugmyndafræðilegum birtingarmyndum HSR. En stéttabaráttan nær langt út fyrir þessar birtingarmyndir og það er vegna þess að hún nær út fyrir þær að barátta arðrændra stétta getur einnig farið fram í birtingarmyndum HSR, þ.e. beitt hugmyndafræðivopninu gegn stéttunum sem eru við völd.

Sú staðreynd er *seinna grunnatriðinu* að þakka: stéttabaráttan nær út fyrir HSR vegna þess að hún á rót sína annað að rekja en til hugmyndafræðinnar,

Tökum nú þessar athugasemdir okkar saman.

Ef tilgátan sem við settum fram er réttmæt hljótum við að ítreka klassíska ríkiskenningu marxismans en gera þó nýjan greinarmun innan hennar. Við myndum orða það þannig að greina þurfi á milli ríkisvaldsins (og handhafa þess) annars vegar og ríkisstjórnþækisins hins vegar. Enn fremur þurfi að bæta því við að ríkisstjórnþækið skiptist í tvennt: í heild þeirra stofnana sem eru fulltrúar kúgunarþækja ríkisins annars vegar og heild þeirra stofnana sem standa fyrir heild hugmyndafræðilegra stjórnþækja ríkisins hins vegar.¹⁹

En ef svo er um hnútana búið komumst við ekki hjá því að spyrja okkur eftirfarandi spurningar, enda þótt ramminn sem við vinnum út frá sé býsna takmarkaður: Hversu mikilvægt er nákvæmlega það hlutverk sem hugmyndafræðileg ríkisstjórnþæki gegna? Hver getur forsenda þess verið að þau skipti máli? Með öðrum orðum: Hverju samsvarar „virkni“ þessara hugmyndafræðilegu stjórnþækja ríkisins, sem ganga ekki fyrir kúgun heldur hugmyndafræði?

Um endurframleiðslu framleiðslutengslanna

Við getum nú svarað meginspurningu okkar eftir að hafa komið okkur hjá því fram að þessu: *hvernig er endurframleiðslan á framleiðslutengslunum tryggð?*

Á máli staðfræðinnar (undirbygging, yfirbygging) myndum við

þ.e. til undirbyggingarinnar, til framleiðslutengslanna sem eru arðránstengsl og mynda grunninn að stéttatengslunum.

- 19 [Meðal þeirra fræðimanna sem beittu kenningu Althussers um HSR í rannsóknnum sínum ber að nefna gríska félagsfræðinginn Nikos Poulantzas (1936–1979). Hann benti þó á ýmsar veilur í þessari kenningu: a) Ríkið gæti ekki aðeins falist í kúgun og hugmyndafræði, heldur yrði einnig að gera ráð fyrir stjórnþækjum á sviði framleiðslunnar, þ.e. arðránsins, en ekki aðeins endurframleiðslunnar, m.ö.o. ráð fyrir sérstökum efnahagslegum stjórnþækjum sem byltingarhreyfing yrði að ná tökum á með öðrum hætti en á SR eða HSR. b) Það gæti einnig skipt meira máli en hér væri haldið fram hvort HSR féllu undir svið hins opinbera eða væri einkarekið, þar eð þau lytu í misríkum mæli yfirráðum ráðandi stéttar. Því hafði Althusser raunar haldið fram en þá lenti hann í mótsögn við sjálfan sig þegar hann segði ríkjandi hugmyndafræði hinnar drottandi stéttar tryggja „djúpa einingu“ milli ólíkra HSR því sú eining hlýti þá að vera misjanflega djúp. (Sjá: *Fascism and Dictatorship*, London: Verso, 1974, bls. 300–307). Þýð.]

orða þetta svo: hún er að langmestu leyti tryggð í gegnum annars vegar hina laga- og stjórnmalalegu og hins vegar hina hugmyndafræðilegu yfirbyggingu.

En úr því við teljum okkur þurfa að komast út úr þessu tungumáli sem er enn lýsandi, þá orðum við þetta með svofelldum hætti: hún er að miklu²⁰ leyti tryggð með því að beita ríkisvaldinu innan ríkisstjórnþækjanna, (kúgandi) stjórnþækis ríkisins annars vegar og hugmyndafræðilegu ríkisstjórnþækjanna hins vegar.

Það er rétt að halda því til haga sem við höfum sett fram til þessa og tókum við það nú saman í þessi þrjú meginatriði:

1. Öll stjórnþækis ríkisins ganga í senn fyrir kúgun og fyrir hugmyndafræði. Þó er sá munur á að (kúgandi) stjórnþækis ríkisins gengur með mjög ríkjandi hætti fyrir kúgun en hugmyndafræðileg stjórnþækis ríkisins ganga með mjög ríkjandi hætti fyrir hugmyndafræði.
2. (Kúgandi) stjórnþækis ríkisins mynda skipulagða heild og ólíkar einingar þess lúta miðstýringarvaldi, þ.e. fylgja þeirri stéttabaráttustefnu sem stjórnmalalegir fulltrúar ríkjandi stétta framfylgja en þeir eru einnig handhafar ríkisvaldsins. Aftur á móti er til fjöldi aðgreindra hugmyndafræðilegra stjórnþækja ríkisins sem eru „tiltölulega sjálfstæð“ og geta, ýmist með afmörkuðum eða ákøfum hætti, verið hlutlægur vettvangur fyrir mótsagnir sem tjá slagkraftinn af stéttabaráttu kapítalista og öreiga, sem og aukaáhrif hennar.
3. Á meðan eining (kúgandi) stjórnþækis ríkisins er tryggð í gegnum miðlægt stjórnkerfi, sem sameinast undir yfirstjórn fulltrúa ráðandi stétta og framfylgir stéttabaráttustefnu valdastéttanna – þá tryggir ríkjandi hugmyndafræði einingu hugmyndafræðilegra stjórnþækja ríkisins sem birtist þó langoftast með mótsagnakenndum hætti.

Velji maður halda þessum einkennisatriðum til haga má sjá end-

20 Að miklu leyti, enda er það með efnisleika framleiðsluferlisins og dreifingarferlisins sem framleiðslutengslin eru endurframleidd. Því má þó ekki gleyma að í þessum sömu ferlum eru hugmyndafræðilegu tengslin einnig með beinum hætti til staðar.

urframleiðsluna á framleiðslutengslunum²¹ fyrir sér með eftirfarandi hætti, eftir ákveðinni „vinnuskiptingu“.

Hlutverk kúgunartækis ríkisins, sem kúgandi stjórnþækis, felst fyrst og fremst í því að tryggja með valdi (líkamlegu eður ei) stjórnþæki skilyrði fyrir endurframleiðslu framleiðslutengslanna sem eru að endingu ekkert annað en *arðránstengsl*. Ekki aðeins viðheldur stjórnþæki ríkisins sjálfu sér að mestu leyti (í kapítalísku ríki getur verið að finna valdaættir í stjórnþæki, í hernum o.s.frv.), heldur tryggir stjórnþæki ríkisins með kúgun einnig og einkum (með allt frá hrottalegu líkamlegu ofbeldi til einfaldra opinberra boða og banna, beinnar ritskoðunar eða dulinnar o.s.frv.) að stjórnþæki skilyrði séu fyrir hendi til þess að hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins séu virk.

Í raun eru það þau síðastnefndu sem tryggja að miklu leyti að sjálf framleiðsluskilyrðin séu endurframleidd undir þessum „skildi“ kúgunartækis ríkisins. Það er einkum hér sem kemur til kasta hinnar ríkjandi hugmyndafræði, hugmyndafræði ríkjandi stéttar sem er handhafi ríkisvaldsins. Í gegnum ríkjandi hugmyndafræði næst „samhljómurinn“ (sem er raunar stundum ómstríður) milli kúgunartækis ríkisins og hinna hugmyndafræðilegu ríkisstjórnþækja, sem og milli hinna ólíku hugmyndafræðilegu stjórnþækja ríkisins.

Í ljósi þess hversu fjölbreytt hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins eru, þrátt fyrir að þau hafi aðeins eitt sameiginlegt hlutverk, hljóttum við að velta eftirfarandi tilgátu fyrir okkur.

Við höfum þegar nefnt allgóðan fjölda hugmyndafræðilegra ríkisstjórnþækja innan kapítalískra þjóðfélagsgerða samtímans: skólinn sem stjórnþæki, hið trúarlega stjórnþæki, fjölskyldan sem stjórnþæki, hið stjórnþæki, stéttarfélagin sem stjórnþæki, hið menningarlega stjórnþæki o.fl.

Ef við lítum hins vegar á þjóðfélög með framleiðsluhætti sem byggja á „bændaánaud“ (almennt kennt við lénsveldið) tökum við eftir að þótt kúgunartæki ríkisins sé aðeins eitt og að forminu til lítt breytilegt, ekki aðeins frá tíma konunglegs einveldis heldur einnig frá og með fyrstu ríkjum fornaldar sem vitað er um, þá eru hugmyndafræðileg ríkisstjórnþæki færri og önnur en nú á dögum. Við komum þá t.d. auga á að á miðöldum hafði kirkjan (hið trúar-

21 Við eigum við þann hluta endurframleiðslunnar sem kúgunartæki ríkisins og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins *eiga sinn þátt í*.

lega HSR) á einni hendi ýmis verksvið sem falla nú orðið undir aðskilin hugmyndafræðileg ríkisstjórnþæki sem hafa orðið til í millitíðinni, einkum skóla- og menningarstofnanir. Við hlið kirkjunnar stóð fjölskyldan sem hugmyndafræðilegt stjórnþæki ríkisins og gegndi umtalsverðu hlutverki, enda þótt það verði ekki borið saman við vægi hennar í kapítalískri þjóðfélagsgerð. Hvernig sem það kann að virðast, voru kirkjan og fjölskyldan ekki einu hugmyndafræðilegu stjórnþæki ríkisins. Einnig var til stjórnmalalegt HSR (Ríkisstéttaþingið, löggjafarþingið, hinir ólíku þrýstihópar og stjórnmalabandalög, sem eru fyrirrennarar nútíma stjórnmalaflokka, og allt stjórnmalakerfi sjálfstæðu borganna (*communes*) og síðar stórborganna (*Villes*)).²² Einnig var til máttugt hugmyndafræðilegt ríkisstjórnþæki forvera stéttarfélaganna, ef við getum leyft okkur slíkan samanburð (máttug bræðralög kaupmanna, bankaeigenda, sem og gildi iðnsveina o.fl.). Útgáfu- og fréttamiðlar mynduðu einnig slíkt þæki. Þessi þróun verður ekki véfengd og nær einnig til leiksýninga sem voru í fyrstu óaðskiljanlegur hluti af kirkjunni en urðu síðar æ sjálfstæðari stofnun.

Á þessu forkapítalíska söguskeiði sem við reifum hér í mjög grófum dráttum liggur í augum uppi að *til var ríkjandi hugmyndafræðilegt ríkisstjórnþæki, þ.e. kirkjan*, sem hafði ekki aðeins trúarleg verkefni á sinni könnu heldur einnig skólastarf og mikið af því sem tengist upplýsingu og „menningu“. Hafi öll hin hugmyndafræðilega barátta frá 16. til 18. aldar, frá upphafi ólgunnar í tengslum við síðaskiptin, *ekki snúist um annað* en að berjast gegn kirkju og trú, þá var það ekki fyrir einskæra tilviljun, heldur í beinum tengslum við drottnandi stöðu hins trúarlega hugmyndafræðilega ríkisstjórnþækis.

Franska byltingin hafði umfram allt það markmið – og þær lyktir – að færa ekki einungis ríkisvaldið frá aðalsstéttum lénsþjóðfélagsins til borgarastéttar kapítalista og kaupmanna og brjóta að hluta til kúgunartæki ríkisins til þess að koma nýjum fyrir í staðinn (t.d. Þjóðarher alþýðunnar²³), heldur einnig að ráðast að hugmynda-

22 [Ríkisstéttaþing voru stöku sinnum haldin fram að frönsku byltingunni til þess að ræða brýn málefni konungdæmisins; fulltrúar aðals-, klerka- og þriðju stéttarinnar sátu það. Sjálfstæðu borgirnar höfðu lénsréttindi, eigin stjórn, dóms- og hervald. Þýð.]

23 [Höfundur virðist eiga við her frönsku byltingarstjórnarinnar enda þótt hann virðist ekki hafa borið þetta heiti. Þýð.]

fræðilegu ríkisstjórnþæki númer eitt: kirkjunni. Af því leiddi að klerkar fengu stöðu sem óbreyttir borgarar, eignir kirkjunnar voru gerðar upptækar og ný hugmyndafræðileg ríkisstjórnþæki voru sett fram til að taka við af ríkjandi stöðu hins trúarlega hugmyndafræðilega stjórnþækis ríkisins.

Vitaskuld gerðist þetta ekki allt af sjálfu sér: Það sést best á Sáttargerðinni, Endurreisninni og hinni löngu stéttabaráttu milli landeigendaaðalsins og borgarastéttar tengdrar iðnaðinum alla 19. öldina til þess að hin síðarnefnda næði forræði yfir þeim sviðum sem heyrðu áður undir kirkjuna: umfram allt skólanum.²⁴ Segja má að borgarastéttin hafi stuðst við hið nýja pólitíska hugmyndafræðilega ríkisstjórnþæki, lýðræðis- og þingræðislega stjórnþækið, sem komið var á fót á fyrstu byltingarárunum en síðar endurreist í fáeina mánuði um 1848 eftir löng og hörð átök og var svo við lýði í marga áratugi eftir fall seinna keisaraveldisins,²⁵ til þess að geta leitt baráttuna við kirkjuna til lykta og sölsað undir sig hugmyndafræðileg hlutverk hennar, m.ö.o. til þess að styrkja ekki aðeins pólitísk forráð sín, heldur einnig þau hugmyndafræðilegu, sem eru ómissandi til þess að endurframleiða kapítalísk framleiðslutengsl.

Af þeim sökum teljum við okkur leyfast að setja fram eftirfarandi kenningu, með öllum þeim hættum sem því eru samfara. Við álitum að harðvítug stéttabarátta, pólitísk sem hugmyndafræðileg, hafi verið háð gegn því hugmyndafræðilega stjórnþæki sem var ráðandi, þ.e. kirkjunni. Þess í stað hafi eitt af hugmyndafræðilegu stjórnþækjum ríkisins, *skólinn*, verið sett í ráðandi stöðu í þróuðum kapítalískum þjóðfélögum.

Þessi kenning kann að virðast þverstæðukennd, ef svo vill til að öllum finnst – þ.e.a.s. út frá þeirri hugmyndafræðilegu mynd sem borgarastéttinni var umhugað um að sýna sjálfrí sér og stéttunum sem hún arðrænir – ríkjandi hugmyndafræðilegt ríkisstjórnþæki innan kapítalískra þjóðfélagsgerða ekki vera skólinn, heldur hið

24 [Sáttargjörð Lúðvíks 18. og Páfagarðs frá 11. júní 1817 um stöðu kirkjunnar í Frakklandi. *Endurreisnin* táknar endurreisn konungsveldis í Frakklandi eftir ósigur 1. keisaraveldis Napoleons, milli 1814 og 1830. Þess má geta að mikilvægt skref í umræddri viðureign var stigið þegar Jules Ferry kom á almennt skólaskyldu fyrir bæði kynin, veraldlegri og endurgjaldslausri, um 1880–82. Þýð.]

25 [Hér er gott að hafa í huga að fyrsta lýðveldið í Frakklandi stóð frá 1792 til 1804, annað lýðveldið 1848 til 1852 og það þriðja 1870 til 1940. Þýð.]

pólítíska HSR, nánar tiltekið stjórnkerfi þingbundins lýðræðis að viðbættum þjóðaratkvæðagreiðslum og samkeppni milli stjórnmálaflokka.

Þó sýnir sagan – og jafnvel nýlegri atburðir – að borgarastéttin hefur og getur vel lagað sig að pólítískum HSR sem eru frábrugðin þingbundnu lýðræði: keisaraveldið nr. 1 og nr. 2, stjórnarskrárbundið konungsræði (Lúðvík 18., Karl 10.), þingbundið konungsræði (Lúðvík-Filipp), forsetalýðræði (de Gaulle), svo ekki sé leitað út fyrir Frakkland. Í Englandi kemur þetta enn skýrar fram. Frá borgaralegum sjónarhóli var byltingin þar enn betur „heppnuð“: Ólíkt því sem gerðist í Frakklandi – þar sem borgarastéttin neyddist, raunar vegna kjánaskapar lágadalsins, til að fallast á að láta hjálpa sér til valda á „rósturdögum“ í sveita- eða almúgabyltingum og greiða það dýru verði – náði enska borgarastéttin að „semja“ við aðalinn um að „skipta á milli sín“ ríkisvaldinu og beitingu stjórnækis ríkisins um óralanga hríð (friður með öllum mönnum og góður vilji drottandi stétta!). Í Þýskalandi er þetta enn meira sláandi: Heimsvaldasinnuð borgarastéttin hélt þar innreið sína í söguna undir pólítísku HSR þar sem junkerar keisaraveldisins (sem Bismarck holdgerði) nýttust henni, með her þeirra og lögreglu, sem skjöldur og forystusveit áður en hún „komst í gegnum“ Weimar-lýðveldið og gaf sig loks nasism-anum á vald.²⁶

Við álitum okkur því hafa góðar ástæður til þess að setja fram eftirfarandi tilgátu: Á bak við leiki hins stjórnmálalega HSR borgarastéttarinnar, sem er jafnan í forgrunni á sviðinu, er skólinn það stjórnækis sem hún kom á fót sem ráðandi HSR sínu númer eitt. Skólinn hefur í raun tekið við hlutverki hugmyndafræðilega ríkisstjórnækisins sem áður var ráðandi, þ.e. kirkjunnar. Við gætum einnig bætt við að parið skólinn-fjölskyldan hafi leyst parið kirkjan-fjölskyldan af hólmi.

Af hverju er skólinn sem stjórnækis hið ráðandi hugmyndafræði-

26 [Fyrra keisaraveldið stóð frá 1804 til 1814 og það síðara 1852 til 1870. *Lúðvík 18.* ríkti sem Frakkakonungur 1814 til 1824 og *Karl 10.* næstu 6 árin á eftir. *Lúðvík-Filipp* tók þá við, árið 1830, og ríkti fram að febrúarbyltingunni 1848. 5. lýðveldinu kom *de Gaulle* á fót en það einkennist af óvenju sterku framkvæmdavaldi sem er í höndum forseta lýðveldisins. *Junkerar* voru íhaldsamur landeigendaaðall í Prússlandi. Sem forsætisráðherra Prússlands sameinaði Otto von *Bismarck* þýsku ríkin í eitt keisaradæmi 1871. *Þýð.*]

lega stjórnþæki innan kapítalískra þjóðfélaga og hvernig virkar það?

Í bili nægir okkur að segja:

1. – Sérhvert hugmyndafræðilegt ríkisstjórnþæki, af hvaða toga sem það er spunnð, miðar að sama marki: að endurframleiðslu framleiðslutengslanna, þ.e.a.s. kapítalískra arðránstengsla.

2. – Hvert þeirra stefnir að þessu marki með þeim meðölum sem þeim hæfir: Pólitíska stjórnþækið með því að láta einstaklingana gangast undir pólitíska hugmyndafræði ríkisins, hina „lýðræðislegu“ hugmyndafræði, hvort heldur „óbeina“ (þingræðislega) eða „beina“ (með þjóðaratkvæðagreiðslum eða fasisma). Fjölmiðlastjórnþækið með því að fylla alla „borgara“ í gegnum dagblöð, útvarp og sjónvarp með daglegum skömmtum af þjóðernishyggju, þjóðrembingi, frjáls-hyggju, siðapredikunum o.fl. Hið sama gildir um menningarlega stjórnþækið (íþróttir gegna aðalhlutverki í þjóðrembingnum) o.s.frv. Trúarlega stjórnþækið með því að minna í predikunum og öðrum stórum helgiathöfnum tengdum fæðingu, giftingu og dauða á að maðurinn sé duft eitt, nema hann kunnir að elska meðbræður sína svo mjög að hann rétti þeim vinstri vangann sem sló þann hægri. Fjölskyldan sem stjórnþæki ... Ætli þetta nægi ekki.

3. – Ein og sama raddskráin liggur fyrir á þessum hljómléikum, sem fyrir kemur að ýmsar mótsagnir trufla (vegna leifa af áður ráðandi stéttum auk öreiga og samtaka þeirra): raddskrá Hugmyndafræði þeirrar stéttar sem nú ræður en í þeirri hljómléist koma fyrir leiðarstef Mannhyggju vorra Miklu forfedra sem stóðu fyrir daga kristindómsins að Gríska undrinu og síðar að Stórveldistíma Rómar, Borgarinnar eilífu, sem og stef einstakra hagnuna og almenningshagsmuna o.fl. Þjóðernisstefna, mórálismi og ofuráhersla á mikilvægi efnahagsþróunar.

4. – Á þessum tónleikum leikur ákveðið hugmyndafræðilegt ríkisstjórnþæki leiðandi hlutverk, enda þótt vart nokkur leggi við hlustir þegar það spilar: það leikur svo veikt! Það er skólinn.

Þegar í leikskóla tekur hann á móti börnum af öllum þjóðfélagsstéttum og innprentar þeim þá þegar, með jafnt nýjum sem gömlum aðferðum, árum saman, á árunum þegar barnið er sem „berskjaldaðast“ og er klemmt á milli fjölskyldustjórnþækisins og skólastjórnþækisins, ákveðnar „kunnáttugreinar“ sem pakkadað eru inn í ríkjandi hugmyndafræði (franska, reikningur, náttúrufræði,

vísindi, bókmenntir) eða hina ríkjandi hugmyndafræði í hreinni mynd sinni (siðfræði, samfélagsfræði, heimspeki). Þegar þau ná u.þ.b. 16 ára aldri fer gríðarstór hluti þeirra „í framleiðsluna“: þetta eru verkamenn eða smábændur. Hinn hluti námshæfs æskufólks heldur áfram og kemst einhvern veginn áfram á leiðinni uns hann hrasar til þess að taka þá við stöðum lægri stjórnenda og millistjórnenda, óbreytts starfsfólks, embættismanna neðst í stigveldinu og upp að því miðju; þetta eru smáborgarar af öllum gerðum. Síðasti hlutinn nær upp á topp, annaðhvort til þess að falla í hálfgildings vitsmunalegt atvinnuleysi eða til þess að gerast, að „menntamönnum verkalýðsins“ frátöldum, umsjónarmenn arðránsins (kapítalistar, framkvæmdastjórar) eða kúgunarinnar (hermenn, lögreglumenn, stjórnmalamenn, stjórnendur o.fl.), ellegar til að verða að fagmönnum í hugmyndafræði (hvers kyns prestar, sem eru að stærstum hluta sannfærðir „leikmenn“).

Sérhverjum hópi sem hrasar á leiðinni er að heita má útveguð sú hugmyndafræði sem hæfir hlutverkinu sem honum er ætlað að sinna í stéttþjóðfélaginu: hlutverk hins arðrænda (með „fagvitund“, „siðvitund“, „borgaravitund“, „þjóðvitund“ og sérlega „þróaða“ vitund um að vera ekki pólitískur); hlutverk umsjónarmanna arðránsins (að kunna að tala við verkamenn og gefa þeim skipanir: „almanna-tengsl“), framkvæmdaraðilar kúgunarinnar (að kunna að skipa fyrir og láta hlýða sér „múðurslaust“ eða að kunna að beita lýðskrumsræðulist stjórnálaforingja) eða fagmanna í hugmyndafræði (að kunna að koma fram við verur gæddar samvisku af virðingu, þ.e.a.s. af þeirri fyrirlitningu, með þeim hótunum og því lýðskrumi sem hæfir, bragðbætt með kryddi á borð við siðferði, dyggð, „Hið yfirskilvitlega“, þjóðina, hlutverk Frakklands í heiminum o.s.frv.).

Vitaskuld lærir maður fjölda þessara andstæðu dyggða (hógværð, stillingu, undirgefni í eina áttina, kaldlyndi, skeytingarleysi, göfgi, áreiðanleika, veglyndi, nánar tiltekið mælsku og kænsku) í fjölskyldunni, kirkjunni, hernum, bókmenntum og kvikmyndum, meira að segja á íþróttavöllum. En ekkert hugmyndafræðilegt stjórnteki ríkisins hefur yfir að ráða í jafn mörg ár, með skylduáheyrn (sem er ókeypis, það er nú það minnsta ...) 5 til 6 daga vikunnar 8 klukkustundir á dag, öllum börnum í hinni kapítalísku þjóðfélagsgerð.

Það er með því að kenna þeim þessar fáeinu kunnáttugreinar, innlimaðar í umfangsmikið innrættingarprógramm sem lýtur hugmynda-

fræði hinnar drottandi stéttar, sem *framleiðslutengsl* ákveðinnar kapítalískrar þjóðfélagsgerðar eru endurframleidd, þ.e.a.s. tengsl arðrænda við arðræningja og arðræningja við arðrænda. Gangvirki þau sem leiða til þessarar niðurstöðu, sem er bráðnaudsýnleg fyrir stjórnkerfi kapítalismans, hylur vitaskuld og felur hugmyndafræðin um skólann. En hún er alls staðar ríkjandi, enda ein af allra mikilvægustu birtingarmyndum ríkjandi borgaralegrar hugmyndafræði: hugmyndafræði sem gefur þá mynd af skólanum að um sé að ræða hlutlaust svæði sem laust sé við alla hugmyndafræði (enda ... veraldlegt) og þar sem virðingarverðir kennarar „samvisku“ og „frelsis“ barnanna, sem „foreldrar“ þeirra (sem eru sjálfir frjálsir, þ.e.a.s. eigendur barnanna sinna) trúa fyrir (í góðri trú), veita þeim aðgang að frelsi, siðferði og ábyrgð hinna fullorðnu með því að vera þeim fyrirmynd, miðla vitneskju og kynna þeim bókmenntir og „frelсандi“ dyggðir.

Ég bið þá kennara afsökunar sem reyna við ömurlegar aðstæður að beina þeim fáu vopnum sem þeir geta fundið í sögunni og í þeim lærdómi sem þeir „kenna“ gegn hugmyndafræðinni, gegn kerfinu og gegn þeim verkvenjum, sem þeir eru fastir í. Hér eru hálfgerðar hetjur á ferð. En þær eru fáar og margir kennarar (meirihlutinn) hafa ekki minnsta grun um þá „vinnu“ sem kerfið (sem yfirskyggir þá og kremur) knýr þá til að inna af hendi og (það sem verra er) þeir leggja sig alla fram við að sinna, bæði af lífi og sál og af bestu vitund (þessar blessuðu nýju aðferðir!). Svo grunlausir eru þeir að með trúmennsku sinni halda þeir við og ala á hugmyndafræðilegri ímynd skólans, sem gerir hann nú á dögum jafn „náttúrulegan“, ómissandi-nytsamlegan og gott ef ekki heilladrjúgan fyrir samtímamenn okkar og kirkjan var „náttúruleg“, ómissandi og gjöful fyrir forfeður okkar fyrir nokkrum öldum.

Nú á dögum hefur skólinn komið í stað kirkjunnar í því hlutverki að vera *ráðandi hugmyndafræðilegt stjórnþæki ríkisins*. Hann er samtengdur fjölskyldunni, rétt eins og kirkjan var samtengd henni áður fyrr. Því má halda fram að kreppan, sem er dýpri en nokkru sinni fyrr og skekur nú skólakerfi ótal ríkja um heim allan – oft er hún sett í samhengi við kreppu fjölskyldukerfisins (sem boðuð var í *Kommúnistaávarpinu*) –, öðlist pólitíska þýðingu ef við teljum skólann (og parið skólinn-fjölskyldan) mynda það hugmyndafræðilega ríkisstjórnþæki sem er ráðandi, þ.e. ef við teljum hann vera stjórnþæki

sem skipti sköpum við endurframleiðslu framleiðslutengslanna við framleiðsluhátt sem alþjóðlega stéttabaráttan ógnar.

Varðandi hugmyndafræðina

Þegar við kynntum hugtakið hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins og sögðum að þau „gengu fyrir hugmyndafræði“ vísuðum við í veruleika sem fara þyrfti nokkrum orðum um: hugmyndafræði.

Heitið vitum við að þeir Cabanis, Destutt de Tracy og vinir þeirra bjuggu til og að með því höfðu þeir í huga (uppruna)kenningu um hugmyndir.²⁷ Þegar Marx tekur það upp 50 árum síðar ljær hann því þegar í *Æskuverkum* sínum allt annan skilning. Hugmyndafræði er þá orðin að kerfi utan um hugmyndir og tákni sem eru ráðandi í huga manns eða þjóðfélagshóps. Með þeirri hugmyndafræðilegu og pólitísku baráttu sem Marx leiddi þegar með greinum sínum í *Rínarblaðinu* (*Rheinische Zeitung*) átti hann fljótt eftir að mæta þessum veruleika hugmyndafræðinnar og þurfa að móta betur þann skilning sem hann lagði í hann í fyrstu.

Hins vegar rekum við okkur hér á nokkuð furðulega þverstæðu. Allar forsendur virtust vera fyrir því að Marx þróaði kenningu um hugmyndafræði. Og vissulega færir *Þýska hugmyndafræðin* (*Die deutsche Ideologie*), eftir *Handritin frá 1844*, okkur í orði kveðnu kenningu um hugmyndafræði en ... hún er bara ekki marxísk (eins og við munum sjá á eftir). Enda þótt í *Auðmagninu* sé að finna marga vísa að kenningu um hugmyndafræði (sú augljósasta: um hugmyndafræði dólgahagfræðinga) hefur það ekki að geyma slíka kenningu af þeim toga sem myndi að miklu leyti þurfa að hvíla á kenningu um hugmyndafræði almennt.

Ég vil nú freista þess að draga upp skissu með nokkrum útlínum að slíkri kenningu. Vissulega eru kenningarnar sem ég mun setja fram ekki einfaldlega spunnar af fingrum fram en eigi að síður verða

27 [Pierre Jean Georges Cabanis (1757–1808) var franskur læknir og heimspekingur og Antoine-Louis-Claude Destutt de Tracy (1754–1836) samlandi hans og heimspekingur. Báðir leituðu efnishyggjuskýringa á mannlegu atferli og töldust þannig, ásamt þeim sem hér eru kallaðir „vinir þeirra“, í hópi þeirra sem nefndir eru „hugmyndafræðingar“ (*Ideologues*) í frönskum heimspekerjum. Þýð.]

þær ekki studdar og sannreyndar, þ.e. staðfestar eða leiðréttar, nema með ítarlegum athugunum og rannsóknum.

Hugmyndafræðin á sér enga sögu

Fyrst þó nokkur orð til að útskýra grundvallarástæðuna sem mér virðist vera undirstaða eða a.m.k. réttlætning þeirrar fyrirætlunar að smíða kenningu um hugmyndafræði almennt í stað kenningar um sérstök hugmyndakerfi, sem tjá ávallt *afstöðu stétta*, sama af hvaða toga þau eru (trúarlegum, siðferðislegum, réttarfarslegum eða stjórnmálalegum).

Augljóslega þyrfti að setja fram kenningu um hugmyndakerfi á þann tvöfalda hátt sem við höfum bent á. Með því kæmi í ljós að sérhver kenning um hugmyndakerfi hvílir á endanum á sögu þjóðfélagsgerða, þ.e. framleiðsluhátta sem tengjast hver um sig ákveðinni þjóðfélagsgerð og sögu stéttabaráttunnar sem þróast innan hvers þeirra. Í þeim skilningi getur greinilega ekki verið um að ræða kenningu um *hugmyndakerfi almennt*, þar eð *hugmyndakerfin* (út frá ofanefndum tvöföldum tengslum: svæðisbundnum og stéttbundnum) eiga sér hvert um sig sína sögu, enda þótt úrskurðarvaldið í hverri sögu sé vitaskuld staðsett utan allra hugmyndakerfa um leið og það hefur lögsögu yfir þeim.

Ef ég get nú á hinn bóginn leyft mér að leggja drög að kenningu um *almenna* hugmyndafræði og ef þessi kenning er einn þeirra undirstöðupáttanna sem kenningar um hugmyndakerfi byggja á, þá leiðir af því niðurstaða sem virðist vera mótsagnarkennd og sem ég kys að orða á eftirfarandi hátt: *hugmyndafræðin á sér enga sögu*.

Eins og við vitum stendur þessi kenning fullum stöfum í *Þýsku hugmyndafræðinni*. Marx heldur því sama fram um frumspekina sem hann segir að eigi sér ekki neina sögu, ekki frekar en siðferðið (og þar með önnur form hugmyndafræði).

Í *Þýsku hugmyndafræðinni* er þetta orðalag notað í beinlínis pósitívískum skilningi. Litið er þar á hugmyndafræði sem hreina talsýn, eintóman draum, þ.e.a.s. sem tóm. Allur veruleiki hennar er utan hennar sjálfrar. Hugmyndafræðin er því talin vera tilbúningur ímyndunarafslsins og hefur alveg sambærilega stöðu og draumurinn hafði í fræðikenningum fyrirrennara Freuds. Að dómi þessara höfundu var draumurinn afurð hreinnar ímyndunar, þ.e.a.s. innantómur, „afgangar dagsins“ sem kæmu fram samsettir í tilviljanakenndri röð,

stundum að vísu í „öfugsnúinni“ röð, m.ö.o. óreiðukenndri. Fyrir þeim var draumurinn eintóm ímyndun, handahófskennt „föndur“, með augun lokuð, úr afgangum af þeim eina óskerta og áþreifanlega veruleika sem til væri, veruleika vökunna. Heimspækin og hugmyndafræðin hafa nákvæmlega sama sess í *Þýsku hugmyndafræðinni* (enda heimspækin fullkomið dæmi um hugmyndafræði).

Fyrir Marx er hugmyndafræði ímyndað föndur, hreinn draumur, innantómur og merkingarlaus, sem samanstendur úr „afgöngum dagsins“ af eina óskerta og áþreifanlega veruleikanum, þeim sem raunveruleg saga raunverulegra einstaklinga myndar, efnislega einstaklinga sem framleiða tilveru sína efnislega. Af þeim sökum á hugmyndafræðin sér enga sögu í *Þýsku hugmyndafræðinni* enda stendur saga hennar utan hennar sjálfrar, m.ö.o. er utan hugmyndafræðinnar að finna einu söguna sem til er, þá sem fæst við raunverulega einstaklinga o.s.frv. Í *Þýsku hugmyndafræðinni* er kenningin um að hugmyndafræðin eigi sér enga sögu því algjörlega neikvætt framsett þar eð hún þýðir í senn að:

1. – hugmyndafræðin, sem hreinn draumur, er ekkert (búin til af einhverju óþekktu afli, nema ef vera skyldi fyrir firringuna sem hlýst af vinnuskiptingunni en það er líka *neikvæð* framsetning).
2. – hugmyndafræðin á sér enga sögu sem þýðir þó alls ekki að hún eigi sér enga sögu (þvert á móti er hún fölt endurskin hinnar raunverulegu sögu), heldur á hún sér ekki *eigin* sögu.

Kenningin sem ég hef ætlað mér að verja, þrátt fyrir að styðjast á yfirborðinu við formúlu *Þýsku hugmyndafræðinnar* („hugmyndafræðin á sér enga sögu“), er í grundvallaratriðum frábrugðin pósitívískri söguhyggjukenningu *Þýsku hugmyndafræðinnar*.

Annars vegar tel ég mig nefnilega geta haldið því fram að hugmyndakerfin eigi sér eigin sögu (enda þótt stéttabaráttan hafi endanlegt úrskurðarvald yfir þróun hennar), hins vegar tel ég mig jafnframt geta varið að *almenn* eigi *hugmyndafræðin* sér enga sögu, ekki í neikvæðum skilningi (saga hennar er utan hennar), heldur í fullkomlega jákvæðum skilningi.

Þessi skilningur er jákvæður ef rétt er að hugmyndafræðin sé í eðli sínu þannig gerð og virki þannig að hún myndi ósögulegan, þ.e. alsögulegan, veruleika, svo formgerð hennar og virkni séu með sama óbreytilega hættinum að verki í því sem nefnist heildarsaga

í skilningi *Kommúnistaávarpans*, sem skilgreinir söguna sem sögu stéttabaráttu, þ.e. sem sögu stéttþjóðfélaga.

Til þess að geta bent á sögulegt kennileiti í þessum efnum held ég því fram – og tek aftur dæmi af draumnum, nú í skilningi Freuds á honum – að staðhæfingu okkar um að hugmyndafræðin ætti sér enga sögu megi og eigi að skoða í ljósi staðhæfingar Freuds um að *dulvitundin sé eilíf*, þ.e.a.s. sögulaus. (Þetta er alls engin tilviljun, heldur er samanburðurinn fræðileg nauðsyn, enda djúp tengsl milli þessara tveggja staðhæfinga.)

Ef það að veruleiki skuli vera eilífur felur ekki í sér að hann sé hafinn yfir alla (tímabundna) sögu, heldur sé sívarandi, gegnum sögulegur og því óbreytanlegur að forminu til í gegnum allt skeið sögunnar, þá geri ég orð Freuds með öllu að mínum og segi að *hugmyndafræðin er eilíf*, rétt eins og dulvitundin. Við það vil ég bæta að mér virðist þessi samlíking vera fræðilega réttlæt看leg í ljósi þess að eilífdulvitundarinnar er ekki ótengd eilífdalmenrar hugmyndafræði.

Þetta er ástæða þess að ég tel mig hafa a.m.k. mögulegan rétt til þess að setja fram kenningu um almenna hugmyndafræði í sama skilningi og Freud setti fram kenningu um dulvitundina almennt.²⁸

Til þess að einfalda umfjöllunina þykir mér fara betur á því, með tilliti til þess sem við sögðum um hugmyndakerfin, að notast einungis við hugmyndafræðiheiti yfir almenna hugmyndafræði, sem hefur, eins og ég sagði, enga sögu eða (sem kemur í sama stað niður) er eilíf, þ.e. ávarandi í óbreytanlegri mynd sinni í gegnum alla söguna (= sögu þjóðfélagsgerða sem fela í sér þjóðfélagsstéttir). Ég held mig til bráðabirgða einungis við „stéttabjóðfélög“ og sögu þeirra.

28 [Althusser velti tengslunum milli dulvitundar og hugmyndafræðinnar betur fyrir sér í „Trois notes sur la théorie des discours“ frá 1966 (*Écrits sur la psychanalyse. Freud et Lacan*. París: STOCK, 1993, bls. 111–170). Þar er að finna nokkur sömu stef og í þessari grein: „Þegar mannlegir einstaklingar eru ávarpaðir sem hugmyndafræðilegar sjálfsverur vekur það með þeim sérstök áhrif, áhrif dulvitundarinnar, sem gerir mannum kleift að takast á hendur hlutverk hugmyndafræðilegra sjálfsvera. [...] Dulvitundin er gangvirki sem með ríkjandi hætti ‘gengur fyrir’ binu hugmyndafræðilega (eins og sagt er um vél að hún ‘gangi fyrir bensíni’)“ (bls. 139 og 141). Þýð.]

Hugmyndafræðin er mynd af ímynduðum tengslum einstaklinga við raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra

Til þess að geta fjallað um aðalkenningu mína um hvernig hugmyndafræðin er byggð og hvernig hún virkar vil ég fyrst kynna tvær kenningar, eina neikvætt orðaða og aðra jákvætt. Hin fyrri varðar viðfangið sem menn „gera sér mynd af“ undir ímynduðu formi hugmyndafræðinnar, sú síðari efnislega gerð hugmyndafræðinnar.

Kenning 1: Hugmyndafræðin sýnir ímynduð tengsl einstaklinga við raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra

Venjulega er sagt um trúarlega hugmyndafræði, þá siðferðislegu, réttarfarslegu og stjórnmálalegu, að hún sé jafnframt „heimsmynd“. Vitaskuld er með því gefið í skyn, nema maður upplifi einhverja slíka hugmyndafræði sem sannleikann (t.d. „trúi“ á Guð, skylduna, réttvísina o.s.frv.), að hugmyndafræðin sem um ræðir sé frá gagnrýnum sjónarhóli, þ.e. með því að skoða hana eins og þjóðfræðingur kannar goðsagnir „frumstæðs samfélags“, að miklu leyti ímyndaðar „heimssýnir“, þ.e.a.s. „samræmist ekki veruleikanum“.

En þótt þær samræmist ekki veruleikanum og séu m.ö.o. tálssýn, viðurkennum við þó að þær vísi óbeint til veruleikans og að það nægi að „túlka“ þær til þess að finna, undir ímyndaðri mynd af heiminum, sjálfan veruleika þessa heims (hugmyndafræði = *tálssýn/óbein vísun*).

Til eru mismunandi gerðir af túlkun og eru þær þekktustu annars vegar *vélbyggjutúlkunin* sem var útbreidd á 18. öld (Guð er hugmynd ímyndunarafslsins um hinn raunverulega konung) og *túlkunarfræðilega* túlkunin sem kirkjuféðurnir innleiddu en sem Feuerbach²⁹ tók upp sem og guðfræði-heimspekiskólinn sem fylgdi í kjölfar hans, t.d. guðfræðingurinn Barth³⁰ o.fl. (t.d. telur Feuerbach Guð vera eðli hins raunverulega manns). Ég kem mér beint að efninu með

29 [Ludwig Feuerbach (1804–1872), þýskur heimspekingur og áhrifavaldur í hugsun Marx og Engels, s.s. með firringarhugtaki sínu í trúarbragðagagnrýni, sem þeir urðu þó fljótt ósáttir við (sjá m.a. Karl Marx og Friðrik Engels, *Þýska hugmyndafræðin* (þýð. Gestur Guðmundsson), Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 42–46 og „Greinar um Feuerbach“ (þýð. Brynjólfur Bjarnason), *Úrvalrit I*, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 325–328). Þýð.]

30 [Karl Barth (1886–1968), þýskur guðfræðingur (sjá Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Kristín sjúfræði í sögu og samtíð*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004, bls. 40–45). Þýð.]

því að segja að út frá ákveðinni túlkun á ímyndunartilfærslu (og -víxlun) á hugmyndafræðinni komumst við að þeirri niðurstöðu að innan hugmyndafræðinnar „gerir mannfólkið sér ímyndaða“³¹ mynd af raunverulegum tilvistarskilyrðum sínum“.

Slík túlkun situr því miður uppi með svolítið vandamál: hvers vegna „þarf“ mannfólkið á þessari ímynduðu tilfærslu á raunverulegum tilvistarskilyrðum sínum að halda til þess að „gera sér mynd“ af raunverulegum tilvistarskilyrðum sínum?

Fyrra svarið (sem er frá 18. öld) skýrir það með einföldum hætti: þetta er allt prestum og harðstjórnum að kenna. Þeir hafa „hugsað upp“ Fagrar lygar til þess að þegar mannfólkið telur sig vera guðhrætt hlýði það í raun prestum og harðstjórnum sem hafa tekið sig saman um að blekkja það, prestarnir í þjónustu harðstjórnanna eða öfugt, allt eftir því hvar höfundar slíkra kenninga taka sér stöðu. Það er því ákveðin orsök fyrir ímyndunartilfærslu á raunverulegum tilvistarskilyrðum og hana er að finna í litlum hópi kaldlyndra manna sem treysta yfirráð sín og misbeitingu á „lýðnum“ með falsmynd af veröldinni sem þeir hafa spunnið til þess að hafa taumhald á meðvitund hans með því að stjórna ímyndunarafla hans.

Seinna svarið (svar Feuerbachs sem Marx tók upp orðrétt í æskuverkum sínum) er „dýpra“, m.ö.o. allt eins vitlaust. Það leitar og finn-

31 [„Ímyndað“ og „ímyndun“ er ekki notað í merkingunni „óraunverulegt“ eða „óraunveruleiki“, heldur sækir Althusser hér í kenningu franska sálgreinandans Jacques Lacan (1901–1981) um *spegilstigið* í þroskaferli barnsins: Fram að 18 mánaða aldri, þ.e. áður en það er fært um að stýra nægilega hreyfingum sínum, getur ungbarn heillast af spegilmynd sinni og staðið í þeirri trú að veran sem það ber kennsl á í speglinum sem það sjálft sé samhæfðari en hún í raun og veru er (hér nefnt „miskennsl“). (Sjá Jacques Lacan, „The Mirror Stage as formative of the function of the I as revealed in psychoanalytic experience“, *Écrits: A Selection*, New York: Norton, 1977, bls. 1–7.) Að dómi Althusers ofmetur einstaklingur, sem gengist hefur inn á ríkjandi hugmyndafræði, með svipuðum hætti sjálfstæði sitt í „raunverulegum tilvistarskilyrðum sínum“ gagnvart yfirsterkari félagsöflum og stjórnþækjum. Hann *gerir sér þá mynd* af sjálfum sér að hann beri sem sjálfsvera ábyrgð á öllum eigin gjörðum og ákvörðunum, „hlýði kallinu“ sem nýtur þjóðfélagsþegn o.s.frv. (Sjá Terry Eagleton, *Ideology. An Introduction*, London: Verso 2007, bls. 142–143.) Enginn algildur mælikvarði á sannleikann er til sem lýst gæti þessari sjálfsmynd sem nauðsynlega *óvanni* en frá sjónarhóli stéttbaráttunnar viðheldur hún óbreyttri þjóðfélagsskipan. Þýð.]

ur orsökina fyrir ímyndunartilfærslu og -brenglun á raunverulegum tilvistarskilyrðum manna, þ.e. fyrir firringunni, í óraunverulegri mynd af tilvistarskilyrðum manna. Orsakarinnar er því ekki lengur að leita hjá prestum eða harðstjórum, virku ímyndunaraflí þeirra eða óvirku ímyndunaraflí fórnarlamba þeirra. Orsökina felst í þeirri efnislegu firringu sem einkennir tilvistarskilyrði sjálfs mannfólksins. Þannig ver Marx í *Um gyðingaspurninguna* (*Zur Judenfrage*) og víðar hugmynd Feuerbachs um að menn geri sér firrta (= ímyndaða) mynd af tilvistarskilyrðum sínum vegna þess að þessi tilvistarskilyrði eru sjálf firrandi (í *Handritunum frá '44*: vegna þess að þessi skilyrði stjórna af eðli hins firrta þjóðfélags: „firrtri vinnu“).

Báðar þessar túlkningar taka því bókstaflega kenninguna sem þær gefa til kynna og sem þær hvíla á, þ.e. að það sem endurspeglast í þeirri ímynduðu heimsmynd sem finna má í hugmyndafræði sé tilvistarskilyrði mannfólksins, sem sé raunverulegur heimur þess.

Að svo komnu máli ætla ég að ítreka kenninguna sem ég hef þegar sett fram: það eru ekki raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra, raunverulegur heimur þeirra, sem „mennirnir“ „gera sér mynd af“ í hugmyndafræðinni, heldur eru það umfram allt *tengsl* þeirra við þessi tilvistarskilyrði sem birtast þeim í henni. Það er í kringum slík tengsl sem allar hugmyndafræðilegar myndir snúast og þar með ímyndaðar myndir af hinum raunverulega heimi. Það er í þessum tengslum sem fólgin er „orsökin“ sem getur skýrt þá ímyndunarbrenglun sem fylgir hugmyndafræðilegri mynd af hinum raunverulega heimi. Til þess að sleppa öllu tali um orsök væri rétt að halda fram þeirri kenningu að það sé *ímyndunareðli tengslanna* sem leiði til sérhverrar ímyndunarbrenglunar sem sjá má í hverri hugmyndafræði (lífi maður ekki í sannleika hennar).

Á máli marxismans hljómar það svo: Ef rétt er að mynd einstaklinganna sem gegna stöðu gerenda í framleiðslu, arðráni, kúgun, útbreiðslu hugmyndafræðinnar og vísindaiðkun af raunverulegum tilvistarskilyrðum sínum hvílir á endanum á framleiðslutengslum og tengslum sem leiða af framleiðsluskilyrðunum, þá getum við dregið eftirfarandi ályktun: sérhver hugmyndafræði sýnir, með nauðsynlegri ímyndunarbrenglun sinni, ekki framleiðslutengslin sjálf eins og þau eru (og önnur tengsl sem leiða af þeim), heldur umfram allt (ímynduð) tengsl einstaklinga við framleiðslutengslin og tengslin sem af þeim leiða. Í hugmyndafræðinni birtist því ekki kerfi þeirra raunverulegu

tengsla sem stýra tilveru einstaklinganna, heldur ímynduð tengsl þessara einstaklinga við raunverulegu tengslin sem þeir lifa í.

Ef þessu er þannig háttað þarf ekki lengur að velta fyrir sér hver sé „orsök“ ímyndunarbrenslunarinnar á raunverulegum tengslum og má skipta þeirri spurningu út fyrir aðra: hvers vegna er sú mynd nauðsynlega ímynduð sem einstaklingunum er gefin af (einstaklingsbundnum) tengslum þeirra við félagstengslin sem stjórn tilvistarskilyrðum þeirra og lífi sem einstaklinga og félagsvera? Og hvers eðlis er þessi ímyndun? Ef spurningin er þannig orðuð kemur hún sér hjá því að leita svars í „klíku“³² nokkurra einstaklinga (presta eða harðstjóra) sem væru upphafsmenn hinnar miklu hugmyndafræðilegu blekkingar eða að leita að svari í firringunni sem einkennir hinn raunverulega heim. Síðar meir munum við sjá hvers vegna. Við ætlum ekki lengra inn á þá braut í bili.³³

Kenning II: Hugmyndafræðin á sér efnislega tilveru

Við höfum nú þegar tæpt á þessari kenningu þegar við sögðum að „hugmyndirnar“ o.fl. sem hugmyndafræðin virðist samanstanda af ættu sér enga hugræna, hugverulega eða andlega tilvist, heldur efnislega. Enn fremur veltum við því fyrir okkur hvort hugræn, hugveruleg eða andleg tilvist „hugmyndanna“ byggði ekki alfarið á hugmyndafræði um „hugmyndina“ sem og einnig á hugmyndafræði þess sem virðist „leggja grunn“ að þessari sýn síðan vísindin komu fram á sjónarsviðið, þ.e. þess sem iðkendur vísinda líta á, í

32 Ég nota þetta mjög svo nútímalega heiti af ráðnum hug, því jafnvel á meðal kommúnista er því miður enn til siðs að „skýra“ pólitísk frávík (hægri eða vinstri hentistefnu) út frá gjörðum „klíku“. [Althusser gagnrýndi marxista fyrir að reyna ekki að skýra ýmis meiri háttar mistök við framkvæmd sósíalísmans, t.d. stalínismann eða líffræðistefnu Lyssenkos, með marxískum skýringaraðferðum, heldur láta sér nægja að vísa á persónueinkenni einstaklinga, enda væri slíkt „borgaraleg“ nálgun. (Sjá t.d. „Note sur la critique du «culte de la personnalité»“: *Réponse à John Lewis*, París: Maspero, 1973, bls. 77–98 og „Histoire terminée, histoire interminable“: *Solitude de Machiavel et autres textes*, París: PUF, 1998, bls. 237–246). Þýð.]

33 [Áhersla Althusseris á að hugmyndafræðin sé „mynd af ímynduðum tengslum einstaklinga við raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra“ en ekki einfaldlega mynd af raunverulegum tilvistarskilyrðum einstaklinga er greinilega tilraun til þess að tryggja „hlutfallslegt sjálfstæði“ hennar sem „hæðar“ í yfirbyggingunni gagnvart undirbyggingunni. Þýð.]

sjálfsprottinni hugmyndafræði sinni, sem sannar eða ósannar „hugmyndir“. Vitaskuld höfum við ekki sýnt fram á þessa kenningu með því einu að halda henni fram með þessum hætti. Við biðjum einungis um að menn líti hana að óreyndu einfaldlega jákvæðum augum, þó ekki væri nema í nafni efnishyggjunnar. Til þess að sanna hana væri ítarlegri skýringa þörf.

Við þurfum hins vegar þessa bráðabirgðakenningu um að „hugmyndir“ eigi sér efnislega en ekki andlega tilveru til þess að þoka okkur áleiðis í rannsókn okkar á eðli hugmyndafræðinnar. Nánar tiltekið: hún kemur okkur einfaldlega að notum við að draga það fram sem sérhver sæmilega alvarleg rannsókn á hvers kyns hugmyndafræði leiðir í reynslunni beint í ljós fyrir þeim sem skoðar hana með ögn gagnrýnum hætti.

Þegar við fjölluðum um hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins og iðjur tengdar þeim tiltókum við að í hverju þeirra væri fólgin raungerving ákveðinnar hugmyndafræði (þar sem ólík svæðisbundin hugmyndakerfi – trúarleg, siðferðisleg, réttarfarsleg, stjórnmálaleg, fagurfræðileg o.s.frv. – mynduðu ákveðna einingu með því að lúta ríkjandi hugmyndafræði). Nú höldum við þessari kenningu aftur á lofti: hugmyndafræði er ávallt til innan stjórnþækis og iðju þess eða iðjum. Þessi tilvist þess er efnisleg.

Auðvitað hefur hugmyndafræði innan stjórnþækis og iðja þess ekki sama efnislega tilvistarháttinn og gangstéttarhella eða rifill. Þótt hætt sé við að við verðum úthrópaðir sem ný-aristótelesarsinnar við það (gleymum þó ekki að Marx hafði miklar mætur á Aristótelesi), þá höldum við því fram að „efnið megi ræða um í mismunandi skilningi“³⁴ eða öllu heldur að það eigi sér mismunandi tilveruhætti, sem eigi þó allir á endanum rót sína að rekja til „efnislegs“ veruleika.

Að því sögðu skulum við koma okkur strax að efninu og skoða hvað gerist hjá „einstaklingunum“ sem lifa innan hugmyndafræði, þ.e. innan ákveðinnar heimssýnar (trúarlegrar, siðferðislegrar o.s.frv.), sem afmyndast í huga þeirra vegna ímyndaðra tengsla þeirra við tilveruskilyrði sín eða, þegar allt kemur til alls, við framleiðslu- og stéttartengslin (hugmyndafræði = ímyndunartengsl við raunveruleg tengsl). Við tökum það einnig fram að þessi ímyndunartengsl eigi sér efnislega tilveru.

34 [Raunar segir Aristóteles í upphafi IV. bókar *Frumopekinnar*: „Orðið ‘vera’ er notað í margvíslegum skilningi“ (1003a31). *Þýð.*]

Hverju komumst við þá að raun um?

Einstaklingur trúir á Guð, á skylduna eða á réttlætið o.s.frv. Þessi trú hvílir (hjá öllum, þ.e. öllum þeim sem lifa innan hugmyndafræðilegrar sýnar á hugmyndafræðina en hún smættar hugmyndafræðina niður í hugmyndir sem hafa samkvæmt skilgreiningu andlega tilveru) á hugmyndum tiltekings einstaklings, þ.e. á hugmyndum hans sem sjálfsveru³⁵ með meðvitund sem geymir trúarhugmyndir hans. Í þeim fullkomlega hugmyndafræðilega „hugtakabúnaði“ sem þannig er hannaður (sjálfsveran er gædd meðvitund og mótar sér með henni á frjálsum hátt eða ber kennsl á hugmyndirnar sem hún trúir á) felst að (efnisleg) hegðun umræddrar sjálfsveru leiðir af sjálfu sér af honum.

Einstaklingurinn sem um ræðir hegðar sér á einn eða annan hátt, temur sér einhverja tiltekna framkomu og tekur þar á ofan þátt í vissum reglubundnum iðjum sem tengjast því hugmyndafræðilega stjórnþæki sem hefur afgerandi áhrif á hvaða hugmyndir hann velur sér sem sjálfsvera við fulla meðvitund og af fúsum og frjálsum vilja. Trúi hann á Guð sækir hann messu í kirkjunni, krýpur, biðst fyrir, játar syndir sínar, iðrast þeirra að sjálfsögðu, gerir yfirbót (sem forðum var efnisleg í hversdagslegum skilningi orðsins), heldur svo áfram o.s.frv. Trúi hann á skylduna er hegðun hans til samræmis við það, löguð að iðkun ákveðinna helgisíða „í samræmi við góða siði“. Trúi hann á réttvísina mun hann möglaunarlaust beygja sig undir réttarreglurnar og jafnvel mótmæla þegar á þeim er traðkað, setja nafn sitt á undirskriftarlista, taka þátt í mótmælum o.s.frv.

Í öllu þessu skýringarkerfi sjáum við að samkvæmt hinni hugmyndafræðilegu mynd af hugmyndafræðinni verður að líta svo á að sérhver „sjálfsvera“, sem gædd er „samvisku“ og trúir á „hugmyndirnar“ sem „samviska“ hennar blæs henni í brjóst og hún fellst á af frjálsum vilja, verði að „breyta í samræmi við hugmyndir sínar“ og þ.a.l. að greypa hugmyndir sínar sem frjáls sjálfsvera í þær athafnir

35 [Það er vel þekkt hvernig „súbjektið“ verður ekki tjáð á íslensku. Lesandanum væri lítt greiði gerður með því að skrifa t.d. í hvívetna „sjálfsvera/hugvera/þegn/frumlag“ fyrir *sujet*. Hér var sú leið farin að halda sig við „sjálfsveru“ nema þar sem augljóslega er átt við „þegn“. Eins og gefur að skilja verður margvíslegum orðaleikjum höfundar með þetta hugtak (*assujetti, mauvais sujets, sujet de droit*) vart komið til skila. Þýð.]

sem einkenna efnislega iðju hennar. Láti hún slíkt undir höfuð leggja, „þá er það ekki gott“.

Í raun er það svo að ef sjálfsveran gerir ekki það sem hún ætti að gera samkvæmt því sem hún trúir á, þá er hún einfaldlega að gera eitthvað annað. Út frá sama hughyggjukennnda skýringarkerfinu og áður gefur það til kynna að yfirlýstar hugmyndir hennar séu ekki þær sömu og þær sem hún hafi í huga, að hún breyti til samræmis við þær síðarnefndu og sé í stuttu máli „ósamkvæm sjálfri sér“ („enginn er viljandi vondur“³⁶), kaldlynd eða siðlaus.

Hvað sem öðru líður gerir hugmyndafræðin um hugmyndafræðina ráð fyrir, þrátt fyrir ímyndunarbrenslun sína, að „hugmyndirnar“ sem mannleg sjálfsvera hefur felist í athöfnum hennar eða að þær eigi að felast í þeim. Ef svo er ekki, ljær hún sjálfsverunni aðrar hugmyndir sem samræmast þeim (jafnvel siðlausu) athöfnum sem hún framkvæmir. Þessi hugmyndafræði fæst við athafnir: við kjósum að ræða um athafnir sem eru felldar inn í iðjur. Einnig veitum við því eftirtekt að helgisíðir ákvarða þessar iðjur og að þær falla inn í þá, innan ramma hugmyndafræðilegs stjórnækis í efnislegri tilveru þess, þó ekki væri nema innan örsmás hluta slíks stjórnækis: lítill messa í lítilli kirkju, útför, lítill leikur í íþróttafélagi, kennsludagur í skóla, fundur eða samkoma hjá stjórn málaflökki o.s.frv.

Við stöndum raunar í þakkarskulld við Pascal og þá dásamlegu formúlu sem hann setti fram sem lið í „varnardíalektík“ sinni til þess að geta snúið við röðinni í hugtakakerfi hugmyndafræðinnar. Pascal orðar þetta nokkurn veginn svo: „Krjúpið á kné, bærið varirnar til að fara með bæn og þér munuð trúa.“³⁷ Á hneykslanlegan hátt snýr hann röðinni á hlutunum við og ber, ólíkt Kristi, ekki með sér frið heldur sundrunu og í þokkabót beinlínis hneyksli, sem verður seint talið kristilegt (vei þeim sem flytur eitthvað hneykslanlegt inn

36 [„*Sókrates*: Hér af flytur þá, Menón minn, að enginn vill hið illa, fyrst enginn vill vera vesæll og ógæfumaður, því hvað annað er að vera vesæll en að girnast hið illa og hreppa það?“ Platon: *Menón* (þýð. Sveinbjörn Egilsson), Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1985, bls. 74 (78a). Þýð.]

37 [„Til þess að þiggja frá Guði þarf hið ytra að tengjast því innra; þ.e.a.s. að krjúpa á kné, biðjast fyrir með vörnum o.s.frv. til þess að hinn drambláti maður, sem vildi ekki gefa sig Guði á vald, lúti nú sköpuninni. Að biða eftir hjálparráði frá þessu utanaðkomandi er að vera hjátrúarfullur, að vilja ekki tengja það hinu innra er að sýna yfirlæti.“ Blaise Pascal, *Pensées*, IV. hluti, §250 (skv. útgáfu Léons Brunschvicg). Þýð.]

í heiminn!). Blessað sé hneykslið sem fær hann, í vörn sinni fyrir jansenismanum, til þess að tala mál sem kemur beinum orðum að veruleikanum.³⁸

Vonandi leyfist okkur að skilja hér við Pascal og rök hans í hugmyndafræðilegri baráttu innan hins trúarlega hugmyndafræðilega stjórnþækis ríkisins á hans tíma. Enn fremur leyfum við okkur að nota ósvikinn marxískan orðaforða, ef því verður við komið, þegar við fikrum okkur inn á enn lítt kannaðar slóðir.

Ef við höldum okkur aðeins við eina sjálfsveru (tiltekinn einstakling) myndum við semsagt segja að trúarhugmyndir hennar eigi sér efnislega tilvist í þeim skilningi að *hugmyndir hennar felast í efnislegum athöfnum sem fellðar eru inn í efnislegar iðjur sem ákvarðast af efnislegum helgisíðum; þá síðastnefndu afmarkar hið efnislega hugmyndafræðilega stjórnþæki sem býr að baki hugmyndum þessarar sjálfsveru*. Vitaskuld þarf að gera greinarmun á ólíkum háttum lýsingarorðsins „efnislegur“ sem kemur fjórum sinnum fyrir í staðhæfingu okkar, þar eð efnisleg tilvist þess að gera sér ferð í messu, þess að krjúpa á kné, þess að signa sig og segja *ég hef syndgað*, efnisleg tilvist setningar, bænar, iðrunar og yfirbótar, augnaráðs, handabands, ytri orðræðu eða „inni“ orðræðu (vitundin), er ekki ein og hin sama. Við látum þó ógert að setja hér fram kenningu um ólíkar gerðir efnislegrar tilveru.

Eftir stendur að í þessari öfugsnúnu röð hlutanna erum við alls ekki að fást við „viðsnúning“ enda gerum við okkur grein fyrir því að viss hugtök hafa einfaldlega horfið með þessari nýju framsetningu okkar en önnur eiga aftur á móti enn fullt erindi og ný heiti hafa skotið upp kollinum.

Horfið: hugtakið *hugmynd*.

Eiga áfram erindi: hugtökin *sjálfsvera*, *vitund*, *trú*, *athafnir*.

Fram koma: hugtökin *iðjur*, *helgisíðir*, *hugmyndafræðileg stjórnþæki*.

Hér er því ekki um viðsnúning að ræða (nema í þeim skilningi þegar við segjum að stjórn sé bylt eða glasi hvolfi), heldur uppstokkun (þó

38 [Blaise Pascal (1623–1662), Frakki, einn helsti stærðfræðingur og heimspekingur 17. aldar. Jansenismi var umdeild hreyfing innan kaþólsku kirkjunnar í Frakklandi á sömu öld sem boðaði ýmsar hugmyndir áþekkar kalvínisma, s.s. náðarútfalningu Guðs á aðeins litlum hluta syndum spillts mannkyns. Þýð.]

ekki á ráðherrastólum) sem er býsna sérkennileg þar eð afleiðing hennar er eftirfarandi:

Hugmyndir hafa horfið sem slíkar (í þeim skilningi að vera gæddar hugrænni, andlegri tilvist) að svo miklu leyti sem komið hefur í ljós að tilvist þeirra var felld inn í athafnir ákveðinna iðja sem helgisiðir koma reglu á en þeir ákvarðast á endanum af hugmyndafræðilegum stjórnækjum. Þannig kemur í ljós að sjálfsveran er virkur gerandi að svo miklu leyti sem í gegnum hana er eftirfarandi kerfi að verki (sett fram í röð raunverulegra skilyrðinga): hugmyndafræði sem er til í efnislegu hugmyndafræðilegu stjórnækni er mælir fyrir um efnislegar iðjur sem efnislegir helgisiðir ákvarða; þessar iðjur eiga sér tilvist í efnislegum athöfnum sjálfsveru sem breytir í samræmi við það sem hún trúir á með fullri vitund.

En þessi framsetning sýnir að við höldum eftirfarandi hugtökum eftir: sjálfsvera, vitund, trú, athafnir. Úr þessari röð nemum við undireins á brott aðalhugtakið, það sem mestu máli skiptir og allt hvílir á: hugtak *sjálfsverunnar*.

Um leið setjum við fram tvær samtvinnaðar kenningar:

1. – engin iðja er til nema í gegnum og undir einhverri hugmyndafræði;
2. – engin hugmyndafræði er til nema í gegnum sjálfsveruna og fyrir sjálfsverur.

Við getum nú snúið okkur að meginkenningu okkar.

Hugmyndafræðin ávarpar einstaklinga sem sjálfsverur

Þessa kenningu setjum við einfaldlega fram til þess að gera grein fyrir síðari staðhæfingu okkar: engin hugmyndafræði er til nema í gegnum sjálfsveruna og fyrir sjálfsverur. Með öðrum orðum: engin hugmyndafræði er til nema fyrir raunverulegar sjálfsverur og til þeirra berst hún ekki nema í gegnum sjálfsveruna, þ.e.a.s. *í gegnum sjálfsveruhugtakið* og hvernig það virkar.

Með því viljum við segja að enda þótt það komi ekki fram undir þessu heiti (sjálfsvera) fyrr en með tilkomu borgaralegrar hugmyndafræði og umfram allt tilkomu réttarfarslegrar hugmyndafræði³⁹, þá er sjálfsveruhugtakið (sem stundum ber önnur nöfn, t.d.

39 Hún fær að láni réttarhugtakið „rétthafi“ [fr. *objet de droit* eða „réttar-sjálfsvera“, *þýð.*] til þess að gera úr því hugmyndafræðilegt hugtak: maðurinn er í eðli sínu sjálfsvera.

hjá Platóni: sálin, guð o.fl.) undirstöðuhugtak í allri hugmyndafræði, af hvaða toga sem hún er (svæðisbundin eða stéttbundin) og hvaða ártal sem hún hefur – enda á hugmyndafræðin sér enga sögu.

Við segjum að sjálfsveruhugtakið sé grunnur að allri hugmyndafræði en bætum enn fremur og um leið við að *sjálfsveruhugtakið er þá aðeins undirstöðuhugtak í allri hugmyndafræði að sérhver hugmyndafræði hafi það blutverk (sem skilgreinir hana) að „gera“ raunverulega einstaklinga að sjálfsverum*. Það er í þessu samspili gagnkvæmrar grundvöllunar sem sérhver hugmyndafræði er að verki. Um leið er hugmyndafræði ekkert annað en þessi virkni í þeim efnislegu formum sem virknin er til í.

Til þess að átta sig betur á því sem á eftir fylgir þarf að hafa í huga að bæði sá sem skrifar þessar línur og ekki síður sá sem les þær eru sjálfsverur, þ.e. hugmyndafræðilegar sjálfsverur (sem er merkingarfræðileg klifun). Höfundurinn jafnt sem lesandinn lifa „ósjálfrátt“ og „af sjálfu sér“ í hugmyndafræðinni í þeim skilningi, eins og við sögðum, að „maðurinn er í eðli sínu hugmyndafræðilegt dýr“⁴⁰.

Við munum að svo stöddu leiða hjá okkur spurninguna um hvort höfundurinn sé, þegar hann skrifar þessar línur í texta sem er ætlað að vera vísindalegur, með öllu fjarverandi sem „sjálfsvera“ í vísindalegum texta „sínu“ (því sérhver vísindalegur texti er samkvæmt skilgreiningu texti án sjálfsveru, það er ekki til nein „Sjálfsvera vísindanna“ nema í hugmyndafræði um vísindi).

Eins og Páll postuli komst svo vel að orði er það í „*logos*“, m.ö.o. í hugmyndafræðinni, sem við „lifum, hrærumst og erum“.⁴¹ Af því leiðir að bæði fyrir þér og fyrir mér er sjálfsveruhugtakið upprunaleg, augljós staðreynd (augljósar staðreyndir eru ávallt upprunalegar): það gefur auga leið að bæði þú og ég erum sjálfsverur (frjálsar, siðferðislegar o.s.frv.). Eins og allar augljósar staðreyndir, svo sem þær að orð „merki ákveðinn hlut“ eða „búi yfir merkingu“ (þ. á m. sú augljósa staðreynd að tungumálið sé „gegnsætt“), þá stafar þessi „augljósa staðreynd“ að þú og ég séum sjálfsverur – og það eru

40 [Tilbrigði höfundar við skilgreiningu Aristótelesar á manninum: „Það er því augljóst að ... maðurinn er í eðli sínu stjórn málalegt dýr.“ (*Stjórn máll*, 1253a) Þýð.]

41 [„Í honum lifum, hrærumst og erum við.“ *Postulasagan* 17, 28, sjá „Nýja testamentið“, *Bíblían. Heilög ritning*, Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag – JPV útgáfa, 2007. Þýð.]

engin vandkvæði á því – af hugmyndafræðinni; hér eru frumáhrif hugmyndafræðinnar á ferð.⁴² Í raun eru það sérkenni hugmyndafræðinnar að gera staðreyndir svo augljósar (án þess að virðast gera það, enda um „augljósar staðreyndir“ að ræða) að við komumst ekki hjá því að *gera okkur grein fyrir* þeim og bregðumst óhjákvæmilega og náttúrulega við þeim með því að hrópa (hátt og snjallt eða í „þögn vitundarinnar“): „Þetta er augljóst! Það er einmitt þannig! Það er alveg satt!“

Í þessum viðbrögðum eru að verki hin hugmyndafræðilegu kennsl sem eru annað af tveimur hlutverkum hugmyndafræðinnar sem slíkrar (andhverfa kennsla er *miskennsl*).

Tökum einkar „raunverulegt“ dæmi. Við eigum öll vini sem eiga til, þegar þeir drepa á dyr okkar og við spyrjum á meðan þær eru enn lokaðar „hver er þetta?“, að svara (enda „er það svo augljóst“) „þetta er ég!“. Og vissulega gerum við okkur réttilega grein fyrir því að „þetta er hún“ eða „þetta er hann“. Við opnum dyrnar og „það er rétt að þetta er einmitt hún sem er hérna“. Tökum annað dæmi. Þegar við könnumst við einhvern úr okkar kunningjahópi úti á götu gefum við honum til kynna að við bárum kennsl á hann (og að við áttum okkur á því að hann kannist við okkur) með því að segja „Sæll, kæri vin!“ og taka í hönd hans (sem er efnisleg helgisiða-iðja hugmyndafræðilegra kennsla í hversdagslífinu, a.m.k. í Frakklandi; annars staðar tíðkast aðrir helgisiðir).

Eftir þessi aðfararorð og sýnidæmi vildi ég einungis benda á að þú og ég erum *ávallt þegar* sjálfsverur og ástundum sem slíkar án afláts helgisiði hugmyndafræðilegra kennsla sem sannfæra okkur um að við séum örugglega raunverulegar sjálfsverur sem eru til sem einstaklingar og verður ekki ruglað saman og (auðvitað) ekki skipt út fyrir aðrar. Skrifin sem ég fæst núna við og lesturinn sem þú ert núna⁴³ upptekinn við eru einnig að þessu leyti helgisiðir hugmyndafræðilegra kennsla, þ.m.t. sú „augljósa staðreynd“ að þér munu finnast hugleiðingar mínar „sannar“ eða „rangar“.

42 Málvísindamenn og aðrir sem kalla á hjálp málvísindanna í ólíkum tilgangi reka sig oft á vandamál sem stafa af því að þeir gera sér ekki grein fyrir hvernig hugmyndafræðileg áhrif eru að verki í öllum orðræðum, þ. á m. í orðræðum mismunandi vísindagreina.

43 Takið eftir að þetta tvöfalda *núna* er enn ein sönnun þess að hugmyndafræðin er „eilíf“ þar eð þessi tvö „núna“ geta verið aðskilin með hvaða tímalengd sem er. Ég rita þessar línur 9. apríl 1969 og þú lest þær hvenær sem er.

En það að gera sér grein fyrir því að við séum sjálfsverur og að við hegðum okkur í samræmi við verklega helgisiði í grundvallarathöfnum hversdagslífsins (handabandið, það að þú heitir ákveðnu nafni, það að vita að þú „hafir“ eigið nafn, enda þótt ég þekki það ekki, sem gerir það kleift að þekkja þig sem einstaka sjálfsveru o.s.frv.) – þessi vitneskja gerir okkur aðeins „meðvituð“ um okkar óstöðvandi (eilífu) iðju hugmyndafræðilegra kennsla – meðvitundin um hana, þ.e. það að *gera sér grein* fyrir henni – en lætur okkur ekki í té neina (vísindalega) þekkingu á gangvirkjum þessara kennsla. En það þarf einmitt að komast að þessari þekkingu, vilji maður leggja drög að orðræðu sem reynir að brjóta undan hugmyndafræðinni, enda þótt það gerist ekki án þess að tala innan hennar, og freista þess að marka upphafið að vísindalegri orðræðu (án sjálfsveru) um hugmyndafræðina.

Til þess að bregða ljósi á hvers vegna sjálfsveruhugtakið er undirstöðuhugtak í hugmyndafræði, sem ekki er til nema hún geri raunverulega [einstaklinga]⁴⁴ að sjálfsverum, ætla ég að beita sérstökum framsetningarmáta, sem er nógu „raunverulegur“ til þess að menn kannist við hann en samt nógu sértækur til þess að hann sé hugsanlegur og hugsaður og geti orðið efni í þekkingu.

Til að byrja með staðhæfi ég: *sérhver hugmyndafræði ávarpar raunverulega einstaklinga sem raunverulegar sjálfsverur* með virkni sjálfsveruhugtaksins að vonni.

Þetta er staðhæfing sem felur í sér að við gerum, enn sem komið er, greinarmun á raunverulegum einstaklingum annars vegar og raunverulegum sjálfsverum hins vegar, enda þótt á þessu stigi sé engin sjálfsvera til nema fyrir tilverknað raunverulegs einstaklings.

Við gefum með þessu til kynna að hugmyndafræðin „vinni“ eða „virki“ með þeim hætti að hún „safni“ sjálfsverum á meðal einstaklinga (hún safnar þeim öllum) eða „breyti“ einstaklingunum í sjálfsverur (hún breytir þeim öllum) með þessari tilteknu aðgerð sem við nefnum ávarp og sem má sjá fyrir sér sem ósköp hversdagslegt kall lögreglumanns (eða einhvers annars): „hei, þú þarna!“⁴⁵

Ef við gerum ráð fyrir að þetta fræðilega ímyndaða atvik eigi

44 [Í frumtexta stendur „raunverulegar sjálfsverur“ en af hugtakanotkuninni í röksemdafærslunni að dæma virðist hér fremur eiga að standa „raunverulegir einstaklingar“. Þýð.]

45 Sem hversdagsleg iðja fylgir ávarpið ákveðnum helgisiðum og tekur á sig

sér stað úti á götu, þá snýr einstaklingurinn sem ávarpaður er sér við. Með því að snúa líkama sínum um 180 gráður verður hann að *sjálfsveru*. Hvers vegna? Vegna þess að hann hefur gert sér grein fyrir því að ávarpið beindist „greinilega“ að sér og að „það var einmitt hann sem var ávarpaður“ (en enginn annar). Reynslan sýnir að fjarskipti virki þannig að ávarp fer nánast aldrei á mis við þann sem það beinist að, hvort heldur með orðbundnu kalli eða flauti, hinn ávarpaði gerir sér ávallt grein fyrir því að það er einmitt hann sem verið er að ávarpa. Þetta verður engu síður að teljast undarlegt fyrirbæri sem verður ekki einungis útskýrt með „sektarkennd“, þrátt fyrir allan þann fjölda manna sem „áfellast sjálfa sig fyrir eitthvað“.

Til þess að þessi litla fræðilega leiksýning okkar yrði skýrt og þægilega uppsett urðum við vitaskuld að setja hlutina fram í ákveðinni röð, með einhverju sem er á undan og öðru sem er á eftir, m.ö.o. í ákveðinni tímaröð. Á sviðinu ganga einstaklingar um. Einhvers staðar (yfirleitt að baki þeim) berst ávarpið: „Hei, þú þarna!“ Einstaklingur (í 90% tilvika er það sá sem kallað er til) snýr sér við, haldandi-grunandi-vitandi að átt sé við hann, hann gerir sér semsagt grein fyrir því að „það var einmitt hann“ sem ávarpið beindist að. En í raun og veru gerast hlutirnir ekki í neinni röð. Það að hugmyndafræðin sé til staðar og að einstaklingar séu ávarpaðir sem sjálfsveru er einn og sami hluturinn.

Því má bæta við að það sem virðist þannig eiga sér stað utan hugmyndafræðinnar (úti á götu, nánar tiltekið) gerist í raun innan hugmyndafræðinnar. Það sem gerist í raun innan hugmyndafræðinnar virðist því eiga sér stað utan hennar. Af þeim sökum telja þeir sem eru innan hugmyndafræðinnar sig samkvæmt skilgreiningu standa utan hennar: það að *afneita* í verki hugmyndafræðilegum einkennum hugmyndafræðinnar er ein afleiðing hugmyndafræðinnar og er til komið fyrir hennar tilstilli: hugmyndafræðin segir aldrei „ég er hugmyndafræðileg“. Því þarf að standa utan hugmyndafræðinnar, þ.e.a.s. innan vísindalegrar þekkingar, til þess að geta sagt: ég er innan hugmyndafræðinnar (algjört undantekningartilvik) eða (sem er oftast tilfellið): ég var innan hugmyndafræðinnar. Við vitum vel að ásökunin um að standa innan hugmyndafræðinnar gildir aðeins um hina en aldrei fyrir mann sjálfan (nema maður sé sannkallaður

alveg „tiltekið“ form í lögregluíðju „ávarpsins“ þar sem verið er að ávarpa hina „grunuðu“.

spinozasinni eða marxisti, sem er í þessu samhengi nákvæmlega sama afstaða). Í því felst að hugmyndafræðin á sér ekkert ytra borð (séð frá henni) en að um leið sé hún ekkert nema ytra borð (út frá vísindunum og veruleikanum).

Þetta hafði Spinoza útskýrt til fulls tvö hundruð árum á undan Marx sem beitti því í verki án þess þó að skýra það nokkurn tímann í smáatriðum.⁴⁶ En látum það atriði liggja milli hluta, enda þótt það hafi miklar afleiðingar í för með sér, ekki einvörðungu fræðilegar heldur beinlínis pólitískar, þar eð t.d. öll kenning um gagnrýni og sjálfsgagnrýni, sem er gullna reglan við framkvæmd marx-lenínískrar stéttabaráttu, byggir á því.

Hugmyndafræðin ávarpar semsagt einstaklingana sem sjálfsverur. Þar sem hugmyndafræðin er eilíf verðum við nú að strika út form þróunar í tíma sem við notuðum til þess að skýra hvernig hugmyndafræðin virkar. Þess í stað ber okkur að segja: hugmyndafræðin hefur ávallt-þegar ávarpað einstaklingana sem sjálfsverur. Sú staðhæfing leiðir okkur svo nauðsynlega að lokaniðurstöðu: einstaklingarnir

46 [Í *Éléments d'autocritique* (París: Hachette, 1974) skýrir Althusser hvernig heimspeki Spinoza nýttist honum til þess að reyna að losa marxismann undan hughyggjuáhrifum Hegels. Með gagnrýni sinni á *tilgangshyggju* trúarbragðanna hafi Spinoza sett fram fyrstu efnishyggjukenninguna um hugmyndafræði: „Um leið neitaði kenning hans að líta á hugmyndafræði sem hreina villu eða þekkingarleysi, þar eð hún reisti kerfi þessarar ímyndunar á tengslum manna við heiminn sem ástand líkama þeirra ‚tjáði‘.“ (bls. 72–73) Í heimspeki Hegels spinnur *dialektikín* stig af stigi sinn eigin breytilega veruleika en það væri í raun svipuð fjarstaða og sú hugmynd að kapítalísti skapaði sjálfur auð sinn. Á hinn bóginn skildi algvðistrú Spinoza veruleikann sem „heildarmengi án lokunar, sem væri ekkert annað en virk tengsl milli hluta þess“ (bls. 81) og samsvaraði sú hugmynd skilningi Marx á þjóðfélagsgerðinni sem „heildarmengi“ gagnvirkra tengsla milli undirbyggingar og yfirbyggingar. „Hugmyndafræðin á sér ekkert ytra borð“ vegna þess að hún er óaðskiljanlegur hluti af „heildarmengi“ þjóðfélagsins. Enginn hluti þess er laus við hugmyndafræði, nema ef vera kynni hin rétta kenning um hana sem greinir hana sem „ytra borð“ dýpri stéttabaráttu. Raunar má halda því fram að andi Spinoza svífi víðar yfir vötnum í þessari grein enda ætlunin hér einnig sú að skýra hvers vegna menn „berjast fyrir eigin ánaud eins og um frelsun þeirra væri að ræða“ (formáli Spinoza að verki sínu *Tractatus theologico-politicus*). (Um rannsóknir Althusser-skólans á Spinoza sjá: Minna Koivuniemi, „Í kóngulóarvefnum. Spinoza um hrif“ (þýð. Haukur Már Helgason), *Hugur*, 16. árg. 2004, bls. 200–218, hér bls. 201–202.) Þýð.]

eru ávallt-þegar sjálfsverur. Einstaklingarnir eru því „sérteknir“ í samanburði við sjálfsverurnar sem þeir eru ávallt-þegar. Þessi niðurstaða kann að virðast þversagnarkennd.

Þó er það einfaldlega staðreynd sem gildir um alla að einstaklingurinn er ávallt-þegar sjálfsvera, jafnvel áður en hann fæðist, og í því felst alls engin þversögn. Freud sýndi fram á að einstaklingar væru alltaf „sérteknir“ miðað við þær sjálfsverur sem þeir væru ávallt-þegar með því einu að taka eftir hvaða hugmyndafræðilegu helgisíðir fylgdu biðinni eftir „fæðingunni“, þessum „gleðiatburði“. Allir vita hversu mjög og hvernig beðið er eftir ófæddu barni. Þetta má orða svo á einkar jarðbundnu máli, ef við föllumst á að horfa framhjá „tilfinningunum“, þ.e.a.s. birtingarmyndum hugmyndafræði fjölskyldunnar, hugmyndafræði föður/móður/maka/systkina, sem fram koma þegar beðið er eftir ófæddu barni: það er fyrirfram gefið að það mun bera nafn föðursins, það muni þannig fá sína sjálfsemi og enginn muni geta komið í stað þess. Áður en það fæðist er barnið því ávallt-þegar sjálfsvera og því ætlað að vera það fyrir tilstilli þess tiltekna hugmyndafræðilega fjölskylduforms sem „bíður“ eftir því, eftir að það var getið. Það þarf ekki að taka fram að þetta hugmyndafræðilega fjölskylduform lýtur, þrátt fyrir sérstöðu sína, ströngu skipulagi og að það er innan þessa ósveigjanlega og meira og minna „sjúklega“ (að því gefnu að þetta orð hafi einhverja nothæfa merkingu) skipulags sem það sem áður var framtíðar-sjálfsveran þarf að „finna“ „sinn“ stað, m.ö.o. að „verða“ að þeirri kynjuðu sjálfsveru (strák eða stelpu) sem hún var þegar fyrir. Ljóst er að þessi hugmyndafræðilega nauðung og for-úthlutun sem og allir helgisíðirnir sem tengjast uppeldinu og síðar uppfræðslunni innan fjölskyldunnar tengjast eitthvað því sem Freud rannsakaði í forkynferðislegum og kynferðislegum „stigum“ kynlífsins,⁴⁷ m.ö.o. í „haldi“ þess sem Freud greindi sem dulvitundina út frá áhrifum þess. En látum þessu einnig ósvarað.

47 [Í *Nýjum inngangsfyrirlestrum um sálkönnun* (þýð. Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997) lýsir Freud hvernig „eðlishvatirnar þjóna kynlífinu“: „Það sem vér sjáum eru margar hlutahvatir sem spretta upp í ýmsum líkamshlutum og svæðum, sem leita sér fullnægingar tiltölulega óháð hver annarri og fá nautn sína í einhverju sem vér gætum kallað ‘líkamsnautn’. Kynfærin eru síðust þessara ‘kynörvunarsvæða’ [...] Hið fyrsta þessara ‘forkynferðislegu’ stiga köllum vér *munnotig* [...] Á öðru stigi koma *sadúkar* og *þermi*-hvatir í forgrunn [...] Í þriðja lagi kemur svo *reðurstigið*“ (bls. 111–112). Þýð.]

Tökum eitt skref til viðbótar. Það sem við munum nú beina athygli okkar að er hvernig „leikararnir“ í þessari uppfærslu á ávarpinu endurspeglast innan sjálfrar formgerðar sérhverrar hugmyndafræði.

Dæmi: trúarleg hugmyndafræði kristninnar

Þar eð ytri formgerðin er ávallt hin sama munum við láta okkur nægja að skoða aðeins eitt dæmi, sem er öllum aðgengilegt, þ.e. hina trúarlegu hugmyndafræði, enda má endurtaka sömu útskýringu þegar kemur að siðferðislegri, réttarfarslegri, stjórnmálalegri eða fagurfræðilegri hugmyndafræði eða annarri hugmyndafræði.

Könnum nú hina trúarlegu hugmyndafræði kristninnar. Við munum beita þeim stílbrögðum mælskulistarinnar að „láta hana tala“, þ.e.a.s. tína það fram í uppdiktaðri ræðu sem hún „segir“, ekki aðeins í báðum *vitnisburðunum* (*testamentunum*), predikunum eða hjá guðfræðingum hennar, heldur einnig í iðjum hennar, helgisíðum, trúarathöfnum og náðarmeðulum. Trúarleg hugmyndafræði kristninnar segir nokkurn veginn eftirfarandi.

Hún segir: Ég beini máli mínu til þín, mannlegi einstaklingur sem kallaður ert Pétur (hver einstaklingur er kallaður nafni sínu, í þolmynd, það er aldrei hann sjálfur sem gefur sjálfum sér Nafn) til þess að tjá þér að Guð er til og að þú átt honum laun að gjalda. Hún bætir við: Þetta er Guð sem talaði til þín með rödd minni (Ritningin tók niður Orð Guðs, Hefðin miðlaði því, Óskeikulleiki páfans fastsetti fyrir fullt og allt „vandmeðfarin“ atriði). Hún segir: Þetta er sá sem þú ert: þú ert Pétur! Hér er uppruni þinn. Þú varst skapaður af Guði í upphafi tímans, enda þótt þú hafir fæðst árið 1920 eftir Jesúm Krist! Hér er staður þinn í heiminum! Hér er það sem þú átt að gera! Ef þú hlýðir „kærleikslögmálinu“ muntu verða hólpinn, Pétur, og munt verða hluti af dýrðarlíkama Krists! o.s.frv.

Nú er þetta alkunn og dæmigerð ræða en um leið kemur margt í henni mjög á óvart.

Hún kemur á óvart vegna þess að ef við höfum í huga að hin trúarlega hugmyndafræði beinist að einstaklingunum⁴⁸ til þess að „breyta þeim í sjálfsverur“, með því að ávarpa einstaklinginn Pétur til þess að gera úr honum sjálfsveru sem hefur frelsi til þess að hlýða

48 Þrátt fyrir að okkur sé kunnugt um að einstaklingurinn sé ávallt þegar sjálfsvera, munum við halda áfram að beita þessu orðalagi, enda hentar það vel vegna þess hvernig það skerpir á greinarmuninum þar á milli.

eða óhlýðnast kallinu, þ.e. fyrirmælum Guðs; ef hún ávarpar þá með Nafni þeirra og viðurkennir þannig að þeir eru ávallt-þegar ávarpaðir sem sjálfsverur með eigin persónulega sjálfsemd (það nær svo langt að hjá Pascal segir Kristur: „Fyrir þig úthellti ég þessum dropa af blóði mínu“⁴⁹); ef hún ávarpar þá með slíkum hætti að sjálfsveran svarar: „já, þetta er ég!“; ef hún fær þá til að viðurkenna að þeir gegni einmitt stöðunni sem hún úthlutaði þeim sem stöðu þeirra í heiminum, fyrirfram ákveðnum dvalarstað: „það er alveg rétt, hér er ég, verkamaður, yfirmaður, hermaður!“ í þessum tarádal; ef hún fær þá til að gangast við ákveðnum áfangastað (eilífu lífi eða eilífri útskúfun), allt eftir því hvort þeir hafi sýnt „boðorðum Guðs“ virðingu eða fyrirlitningu, hvort lögmálið hafi orðið að kærleika; – ef þetta gerist allt með þessum hætti (í vel þekktum helgisíðaiðjum skírnar, fermingar, altarisgöngu, syndajátningar og síðustu smurningar o.fl. ...), þá verður að segjast að allt þetta „ferli“, sem setur á svið trúarlegar kristnar sjálfsverur, markast af undarlegu fyrirbæri: það er að svo mikill fjöldi trúarlegra sjálfsvera getur ekki verið til nema aðeins að því gefnu að til sé Önnur Sjálfsvera, Einstök og Altæk, þ.e. Guð.

Táknum þessa nýju og einstöku *Sjálfsveru* með stórum staf til þess að greina hana frá venjulegum sjálfsverum með litlum staf.

Þá kemur í ljós að það að ávarpa einstaklingana sem sjálfsverur gerir ráð fyrir „tilvist“ Annarrar Sjálfsveru sem er Einstök og miðlæg og í hverrar Nafni hin trúarlega hugmyndafræði ávarpar alla einstaklinga sem sjálfsverur. Allt er þetta ritað berum orðum⁵⁰ í því sem er réttilega kallað Ritningin. „Á þeirri stundu mælti Drottinn Guð (Jahve) til Móses úr skýinu. Og Drottinn hrópaði ‘Móses, Móses!’. ‘Það er (einmitt) ég!’, svaraði Móses, ‘ég er þjónn þinn Móses. Talaðu og ég mun hlýða á þig!’ Og Drottinn talaði til Móses og sagði við hann: ‘Ég er sá sem ég er.’“

Guð skilgreinir sig sjálfan sem sagt sem fullkomið dæmi um Sjálfsveru, sem þann sem er vegna sjálfs sín og fyrir sjálfan sig („Ég er sá sem ég er“) og sem þann sem ávarpar sjálfsveru sína, einstakl-

49 [„Í angist minni hugsaði ég til þín, ég úthellti þessum blóddropum fyrir þig.“ Blaise Pascal, *Pensées*, VII. hluti, §553 (skv. útgáfu Léons Brunschvicg). Þýð.]

50 Ég vitna í hana með samansettum hætti og fylgi ekki bókstafnum heldur „í anda og sannleika“.

inginn sem lýtur honum með því að vera ávarpaður, þ.e. einstaklinginn sem nefnist Móses. Og Móses, sem er ávarpaður-kallaður með Nafni sínu, eftir að hafa áttað sig á að það var „einmitt“ hann sem Guð kallaði til, gerir sér grein fyrir því að hann er sjálfsvera, sjálfsvera Guðs, sjálfsvera sem lýtur Guði, sjálfsvera fyrir tilverknað Sjálfsverunnar og sem lýtur Sjálfsverunni. Sönnun þess er að hann hlýðir honum og telur þjóð sína eiga að hlýðnast fyrimælum Guðs.

Guð er því Sjálfsveran en Móses og ótölulegur fjöldi sjálfsvera sem eru þegar þjóðar Guðs eru ávarpaðir sem viðmælendur hans: *speglar* hans, *spegilmyndir* hans. Mennirnir, voru þeir ekki skapaðir í Guðs mynd? Rétt eins og öll hugsunarhefð guðfræðinnar sýnir fram á, enda þótt hann „gæti“ alveg komist af án þess ..., þá þarf Guð á mönnunum að halda, Sjálfsveran þarfnast sjálfsveranna, alveg eins og mennirnir þurfa á Guði að halda og sjálfsverurnar á Sjálfsverunni. Það sem meira er: Guð þarf á mönnunum að halda, Sjálfsveran mikla á sjálfsverunum, allt þar til mynd hans í þeim snýst á hryllilegan hátt við (þegar sjálfsverurnar eru fastar í ólifnaðinum, þ.e. í syndinni).

Það sem meira er: Guð skiptir sér í tvennt og sendir son sinn á jörðina, eins og hverja aðra sjálfsveru sem hann hefur „skilið eftir“ (klögunin langa í Getsemane sem lýkur á krossinum), sjálfsvera en þó Sjálfsvera, maður en þó Guð, til þess að hann lyki undirbúningnum að endanlegri frelsun mannkyns með upprisu Krists. Guð þarf m.ö.o. sjálfur að „gerast“ maður, Sjálfsveran þarf að verða að sjálfsveru eins og til þess að sanna í reynslunni, sem er sýnileg augum og áþreifanleg með höndum (Tómas postuli) sjálfsveranna, að ef þeir eru sjálfsverur sem lúta Sjálfsverunni, þá sé það einungis til þess að snúa á endanum á hinum efsta degi aftur í faðm Drottins, rétt eins og Kristur, þ.e.a.s. í Sjálfsveruna.⁵¹

Reynum nú, með fræðilegu tungutaki, að ráða fram úr þessari stórkostlegu nauðsyn tvískiptingarinnar í Sjálfsveru og sjálfsverur annars vegar og tvískiptingar Sjálfsverunnar í sjálfsveru og Sjálfsveru hins vegar.

Við komumst að raun um að öll hugmyndafræði sem ávarpar einstaklinga sem sjálfsverur í nafni Einstakrar og Altækrar Sjálfsveru hefur formgerð speglunar, þ.e.a.s. hún virkar sem spegill sem speglar

51 Í þrenningarlærdóminum er fólgin sjálf kenningin um tvískiptinguna í Sjálfsveru (föðurinn) og sjálfsveru (soninn) og spegiltengsl þeirra (heilagur andi).

með tvöföldum hætti: þessi tvöfalda speglun leggur grunninn að hugmyndafræðinni og virkni hennar. Það þýðir að hver hugmyndafræði á sér miðju og að hin Altæka Sjálfsvera er staðsett á eina miðpunkti hennar, þaðan sem hún ávarpar óendanlegan skara einstaklinga í kringum hana sem sjálfsverur. Umrædd speglunartengsl eru tvöföld vegna þess að hugmyndafræðin fær sjálfsverurnar til þess að lúta Sjálfsverunni um leið og þær geta virt fyrir sér eigin spegilmynd (í nútíð og framtíð) í Sjálfsverunni sem gefur þeim tryggingu fyrir því að það sé einmitt um þær og um hana að ræða og, þar eð allt fer fram milli fjölskyldumeðlima (hin heilaga fjölskylda: fjölskyldan er í eðli sínu heilög), „muni Guð þekkja sína“, þ.e.a.s. að þeir sem þekkja Guð og hafa þekkt sjálfa sig í honum munu verða hólpnir.

Tökum nú saman hverju við höfum komist að um hugmyndafræðina almennt.

Tvöföld spegilformgerð hugmyndafræðinnar tryggir í senn:

- 1) að „einstaklingar“ eru ávarpaðir sem sjálfsverur,
- 2) að sem sjálfsverur lúti þeir Sjálfsverunni,
- 3) gagnkvæma viðurkenningu milli sjálfsvera og Sjálfsveru, milli sjálfsveranna sjálfra og að sjálfsveran viðurkenni sjálfa sig⁵²,
- 4) óvefengjanleg *trygging* fyrir því að allt sé gott svona og að svo lengi sem sjálfsverurnar gangist við því sem þær eru og hegði sér í samræmi við það, þá muni allt fara vel: Amen – „*Verði svo!*“

Niðurstæða: þegar sjálfsverurnar eru fastar í þessu fjórfalda kerfi sem felur í sér að þær eru ávarpaðar sem sjálfsverur, lúta Sjálfsverunni, kerfi gagnkvæmrar virðingar og óvefengjanlegrar tryggingar, þá „virka“ þær; í langflestum tilvikum „ganga þær án aðstoðar“, ef frá eru taldir „vandráðamenn“ sem valda því að stundum þarf að kalla til einhverja sérsveit (kúgandi) stjórnþækis ríkisins. En yfirgnæfandi meirihluti (betri) þegna gengur vandræðalaust „einn og óstuddur“, þ.e. gengur fyrir hugmyndafræðinni (en raunverulegar birtingarmyndir hennar eru hugmyndafræðileg stjórnþækis ríkisins).

52 Hegel er (án hans eigin vitundar) stórkostlegur „kenningasmiður“ um hugmyndafræði að svo miklu leyti sem hann er „kenningasmiður“ um hina Almennu viðurkenningu, enda þótt kenningin endi því miður sem hugmyndafræði um hina altæku þekkingu. Feuerbach kemur einnig á óvart sem „kenningasmiður“ um spegiltengslin en hann endar illu heilli í hugmyndafræði um mannseðlið. Til þess að finna grunnstoðirnar að kenningu um trygginguna þarf að leita í smiðju Spinoza.

Sjálfsverurnar taka upp iðjur sem þegar eru til og stýrast af helgisíðum HSR. Þær „gangast við“ ríkjandi aðstæðum (*das Bestehende*), við því að „það er rétt að þetta sé svona en ekki öðruvísi“, að það beri að hlýða Guði, samviskunni, prestinum, de Gaulle, yfirmanninum, verkfræðingnum, að maður eigi „að elska náunga sinn eins og sjálfan sig“ o.s.frv. Raunveruleg efnisleg hegðun þeirra felst ekki í öðru en að haga lífi sínu eftir dýrðlegum lokaorðum bænarrinnar sem þær fara með: „*Verði svo!*“

Já, sjálfsverurnar „ganga einar og óstuddar“. Ráðgátan um hvernig á því standi skýrist af fyrstu tveimur áhrifaþáttunum í þessu fjórfalda kerfi sem hér um ræðir eða þá í tvíræðni orðsins *súbjekt*. Í hefðbundnum skilningi þess þýðir súbjekt: 1) frjáls huglægni: frumkvæðiskjarni sem er ábyrgur höfundur athafna sinna [þ.e. sjálfsvera]; 2) undirokuð vera sem lýtur framandi valdi og er því svipt öllu frelsi, nema því að fallast á frjálsan hátt á eigin auðsveipni [þ.e. þegn]. Þessi síðasta athugun sýnir í hverju tvíræðnin er fólgin án þess að skýra hvað veldur henni: einstaklingurinn er ávarpaður sem (frjáls) sjálfsvera til þess að hann hlýði fyrirmælum Sjálfsverunnar, þ.e. til þess að hann fallist (á frjálsan hátt) á að gefa sig öðrum á vald, m.ö.o. til þess að hann vinni „einn og óstuddur“ þau verk og temji sér það látbragð sem undirokun hans krefst. *Engar sjálfsverur eru til nema í gegnum og undir eigin undirokun*. Þess vegna ganga þær „einar og óstuddar“.

„*Verði svo!*“ ... Þessi orð, sem vísa til þess hvaða áhrifum eigi að ná fram, sýna einnig fram á að það er ekki „náttúrulega“ svo („náttúrulega“: utan þessarar bænar, þ.e. utan hins hugmyndafræðilega inngríps). Þetta orð sannar að það þurfi að verða svo til þess að hlutirnir séu eins og þeir eigi að vera, segjum það hreint út: til þess að endurframleiðslan á framleiðslutengslunum sé dag hvern, jafnvel í sjálfum framleiðslu- og dreifingarferlunum, tryggð í „vitundinni“, þ.e.a.s. í hegðun einstaklinganna-sjálfsveranna sem gegna stöðum sem hin félagslega og tæknilega vinnuskipting úthlutar þeim við framleiðsluna, arðránið, kúgunina, útbreiðslu hugmyndafræðinnar, vísindaiðkun o.s.frv. Hvað er í raun og veru um að ræða í þessu gangvirki, sem einkennist annars vegar af endurspeglðri viðurkenningu Sjálfsverunnar og einstaklinga sem eru ávarpaðir sem sjálfsverur og hins vegar af tryggingunni sem Sjálfsveran veitir sjálfsverunum, ef þær fallast af fúsum og frjálsum vilja á að hlýða

„fyrirmælum“ Sjálfsverunnar? Veruleiki sá sem um ræðir í þessu gangvirki og menn bera af nauðsyn *ekki kennsl á* í sjálfum formum kennslanna (hugmyndafræði = *kennsl/miskennsl*), er í reynd, þegar allt kemur til alls, ekki annað en endurframleiðslan á framleiðslutengslunum og öðrum tengslum sem af þeim leiða.

janúar–apríl 1969

P.S. Ef hægt er að skýra með þessum fáeinu yfirborðslegu kenningum hvernig ákveðnir þættir í yfirbyggingunni virka og hvernig hún er að verki í undirbyggingunni, þá eru þær vitaskuld *sértækar* eða *óhlutbundnar* og láta óhjákvæmilega mikilvægum vandamálum ósvarað sem þarf þó að minnst á:

Fyrri vandamálið: Heildarferlið sem snýr að því að viðhalda endurframleiðslu framleiðslutengslanna.

Sem grunnþættir í þessu ferli *taka* HSR þátt í að viðhalda því. En að skoða það út frá hlutdeild þeirra er of takmörkuð nálgun.

Það er einungis innan sjálfs framleiðslu- og dreifingarferlisins sem þessi endurframleiðsla *fer fram*. Það á sér stað í gegnum gangvirki þessara ferla þar sem menntun verkamanna er „lokið“ og þeim úthlutaðar ákveðnar stöður o.s.frv. Hins vegar er það í innra gangvirki þessara ferla sem kemur til kasta mismunandi hugmyndafræði (umfram allt hinnar réttarfarslegu-siðferðislegu).

En þessi sýn á hlutina er enn of takmörkuð. Því að í stéttarsamfélagi eru framleiðslutengslin ekkert annað en arðránstengsl, m.ö.o. einkennast tengsl stétta af átökum. Endurframleiðsla framleiðslutengslanna, sem er endanlegt markmið hinnar ráðandi stéttar, getur því ekki falist í einfaldri tæknilegri aðgerð sem menntar og dreifir einstaklingunum í ólíkar stöður eftir „tæknilegri skiptingu“ á vinnunni. Utan hugmyndafræði hinnar drottnandi stéttar er í raun ekki til nein „tæknileg skipting“ á vinnunni: öll „tæknileg“ skipting, allt „tæknilegt“ skipulag á vinnunni er birtingarmynd og gríma *félagslegrar* (=stéttbundinnar) vinnuskiptingar og -skipulags. Það getur því aðeins verið viðfangsefni einnar stéttar að endurframleiða framleiðslutengslin. Það gerist í gegnum stéttabaráttu sem stillir ráðandi stétt upp andspænis arðrændu stéttinni.

Heildarferlið við framkvæmd endurframleiðslunnar á framleiðslutengslunum er því of sértækt svo lengi sem það er ekki skoðað frá

sjónarhóli þessarar stéttabaráttu. Að skoða hlutina frá sjónarhóli endurframleiðslunnar er því á endanum það sama og að skoða þá frá sjónarhóli stéttabaráttunnar.

Seinna vandamálið: Stéttareðli hugmyndaakerfanna sem til eru innan einnar þjóðfélagsgerðar.

„Gangvirki“ hugmyndafræði *almennt* er hlutverulegt. Eins og við sáum samanstóð það af nokkrum grunnreglum sem voru ekki lengri en fáein orð (eins „fátækleg“ og skilgreining Marx á framleiðslu *almennt* eða Freuds á dulvitund *almennt*). Enda þótt eitthvað reynist hæft í kenningunni um það er þetta gangvirki aðeins *óblutbundið* eða *takmarkað* andspænis allri raunverulegri hugmyndafræðilegri móttun.

Við kynntum þá hugmynd að hugmyndaakerfi væru raungerð í stofnunum, helgisíðum þeirra og iðjum, þ.e. í HSR. Við veittum því eftirtekt að sem slík tækju þau þátt í þeirri tegund stéttabaráttu sem er ómissandi fyrir ríkjandi stétt og felst í endurframleiðslu á framleiðslutengslunum. En eins raunverulegur og þessi sjónarhóll kann að vera, þá er hann enn of takmarkaður.

Ríkið og stjórnþæki þess hafa heldur engan tilgang nema frá sjónarhóli stéttabaráttunnar, sem stéttabaráttustjórnþæki sem tryggir stéttakúgunina sem og að til séu skilyrði fyrir arðráni og endurframleiðslu þess. En það fer engin stéttabarátta fram án þess að vera milli andstæðra stétta. Hver sá sem talar um stéttarbaráttu ræðir um leið um mótspyrnu, uppreisn og stéttarbaráttu hinnar undirokuðu stéttar.

Þess vegna eru HSR hvorki raungerving hugmyndafræðinnar í almennum skilningi né átakalaus raungerving hugmyndafræði hinnar drottnandi stéttar. Hugmyndafræði hinnar ráðandi stéttar verður ekki ráðandi fyrir Guðs náð eða með því einu að sú stétt sölsi ríkisvaldið undir sig. Það er með því að koma HSR á fót sem þessi hugmyndafræði er raungerð eða raungerist og verður ríkjandi. Þeim verður þó ekki komið hjálparlaust á fót, heldur eru þau átaka-vettvangur óslitinnar og einkar harðskeyttrar stéttabaráttu: fyrst gegn stéttum sem voru áður ráðandi og gegn þeim vígstöðum sem þær hafa tekið sér í gömlum og nýjum HSR, síðan gegn arðrændu stéttinni.

En þetta sjónarhorn stéttarbaráttu innan HSR verður enn að

teljast of takmarkað. Stéttabaráttan innan HSR er ákveðin hlið á stéttabaráttunni sem er stundum mikilvæg og einkennandi fyrir hana: t.d. baráttan gegn trúarstofnunum á 18. öld eða „kreppa“ skólakerfisins í öllum kapítalískum löndum nú á dögum. En stéttarbaráttan innan HSR er aðeins ein hlið á stéttabaráttu sem nær út fyrir HSR. Sú hugmyndafræði sem valdastétt gerir ráðandi innan HSR „raungerist“ vissulega í þeim en hún nær út fyrir þau vegna þess að hún á ekki uppruna sinn í þeim. Að sama skapi nær sú hugmyndafræði sem undirokaðri stétt tekst að verja innan slíkra HSR eða gegn þeim út fyrir þau vegna þess að hún er upprunnin annars staðar frá.

Einungis frá sjónarhóli stéttanna, þ.e. stéttabaráttunnar, má gera grein fyrir *þeim* hugmyndakerfum sem þrífast innan ákveðinnar þjóðfélagsgerðar. Ekki aðeins er það frá þeim útgangspunkti sem gera má grein fyrir því hvernig hugmyndafræðin sem er ráðandi í HSR raungerist sem og fyrir þeim tegundum stéttarbaráttu sem fara fram innan HSR. En það er einnig og einkum út frá því sem má átta sig á uppruna hugmyndakerfanna sem raungerast í HSR og takast þar á. Því ef rétt er að HSR séu *birtingarmyndirnar* sem hugmyndafræði ráðandi stéttar verður *naudsynlega* að raungerast í og sem hugmyndafræði hinnar undirokuðu stéttar þarf *naudsynlega* að bjóða birginn og reyna sig við, þá „fæðast“ hugmyndakerfin ekki í HSR, heldur út frá þjóðfélagsstéttum sem heyja stéttarbaráttu: út frá tilveruskilyrðum þeirra, iðjum, baráttureynslu o.s.frv.

apríl 1970

Egill Arnarson þýðði